

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 5. september 2007 – 36. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is Sími: 512 5000 **visir**

Fasteignafélagið Stoðir
Orðið stærst á
Norðurlöndunum



Erlend sérfræðipækning
Lykillinn að
samkeppnis-
hæfni Íslands



Íslensk verðbréf hf.
Allur hagnaður
til hluthafa



FORSVARSMENN STÖÐA OG KEOPS
Skarphéðinn Berg Steinarsson og Karsten Poulsen.

Þátttaka Dana
merki um við-
horfsbreytingu

Viðhorf Dana til íslenskra fjárfesta skána hægt og rólega að sögn Skarphéðins Berg Steinarssonar, forstjóra Stöða. Skarphéðinn telur þá ákvörðun þrjú hundruð danskra fjárfesta að taka bréf í Stodum í skiptum fyrir hluti sína í Keops vera til marks um þessa viðhorfsbreytingu. „Fyrir skömmu hefði þótt óhugsandi að danskir fjárfestar ættu bréf í íslensku félagi sem enn er óskráð,“ sagði Skarphéðinn.

Karsten Poulsen, framkvæmdastjóri Keops, segist oft á tíðum hafa orðið forviða á neikvæðri umfjöllun um íslenska fjárfesta í Danmörku, enda hafi hann ekkert nema gott um Íslendingana að segja. „Ég held að ástæðan sé einfaldlega sú að Íslendingarnir eru snöggir að taka ákvarðanir, og fljótir að láta kné fylgja kviði. Nokkuð sem kannski tíðkast ekki hér í Danmörku.“

- jsk / sjá bls. 6

FRÉTTIR VIKUNNAR

Minna tap | Flaga Group tapaði fyrir sem nemur ellefu milljónum króna á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Tapið er um þrisvar sinnum minna en á sama tíma í fyrra.

Verðbólguáhrif fram undan | Bankarnir spá aukinni verðbólgu fram yfir áramót. Landsbankinn spáir hröðum bata þegar kemur fram á næsta ár, en Kaupþing og Glitnir telja hjóðnunina verða hægari.

Bakkavör kaupir | Bakkavör hefur fest kaup á breska matvæla-fyrirtækinu Exotic Farm Produce. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Lincoln-skíri á Bretlandi og hjá því starfa 370 manns.



Finnur floginn | Finnur Ingólfsson, stjórnarformaður Icelandair, hefur selt alla eigin hluti í félaginu. Karl Wernersson og Einar Sveinsson taka kjölfestu í félaginu í gegnum félagið Mátt.

Mikill viðsnúningur | Orkuveita Reykjavíkur hagnaðist um 8,2 milljarða króna eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 4,8 milljarða króna tap á sama tímabil í fyrra.

Góð skýrsla | Í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um Ísland eru horfur íslenska hagkerfisins sagðar mjög góðar. Það búi meðal annars yfir opnum og sveigjanlegum mörkuðum og traustu stofnanakerfi og stjórnsýslu.

Byr hagnast | Hagnaður Byrs sparísjóðs nam rúmum 4,3 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 698,6 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Þetta er 521,7 prósentu aukning á milli ára.

Metafcoma SPRON | SPRON var rekinn með 10,1 milljarðs króna hagnaði á fyrri hluta ársins, sem er tæplega fjórfalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra. Þetta var metafcoma.

Reknir á gengishagnaði sem aldrei fyrr

Fjórir af fimm stærstu sparísjóðum landsins högnuðust meira á fyrri hluta ársins en allt árið 2006. Aðeins þrettán prósent rekstrartekna komu frá grunnstarfsemi.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Fimm stærstu sparísjóðir landsins, sem mynda stærstan hluta sparísjóðakerfisins, voru reknir með 22,3 milljarða króna hagnaði á fyrri hluta ársins, sem er riflega fjórfalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra. Samanlögð afkoma sparísjóðanna er nú þegar orðin meiri en allt árið 2006, þegar þeir högnuðust um 18,3 milljarða króna. Aðeins Sparísjóðurinn í Keflavík er undir hagnaði alls síðasta árs.

Hreinar rekstrartekjur sjóðanna námu alls 31 milljarði króna, sem var um þreföldun á milli ára, en til samanburðar voru þær um 32 milljarðar króna árið 2006.

Þegar grannt er skoðað er afkoma þessara sparísjóða borin uppi af fjárfestingum en ekki af ávinningi af bankaþjónustu við einstaklinga og smærri

AFKOMA FIMM STÆRSTU SPARÍSJÓÐANNA

	Hagn. 2007	Hagn. 2006	Hlutfall
SPRON	10.129	2.627	11%
SpKef	4.637	1.057	8%
Byr	4.342	699	22%
SPM	2.410	921	15%
SPK	811	96	12%
Alls	22.329	5.400	

*Hlutfall grunntekna af hreinum rekstrartekjum

fyrirtæki, þar sem styrkur sparísjóðanna hefur legið í gegnum tíðina. Sparísjóðirnir taka hagnað sinn fyrst og fremst í gegnum gengishækkunir hlutabréfa og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi í fjármálatengdri starfsemi. Þrír þessara sparísjóða, SPRON, Sparísjóður Mýrasýslu og SpKef, hafa verið meðal stærstu hluthafa í Existu, sem hækkaði um meira en helming á fyrri hluta ársins. Þá var afkoma hlutdeildarfélagi á borð við Icebank góð og sumir sparísjóðanna tóku drjúgar tekjur í gegnum eignarhluti í fjárfestingarþögnunum VBS, MP og Frjálsa og gengishækkunir í öðrum sparísjóðum. Aðrar rekstrartekjur en vaxta- og þóknatekjur voru um 87 prósent af hreinum rekstrartekjum en um 74 prósent allt árið 2006.

Grunnrekstur stóru sparísjóðanna virðist ekki standa undir rekstri þeirra. Þrettán prósent rekstrartekna voru hreinar vaxta- og þóknatekjur og drógust hreinar vaxtatekjur alls saman um fimmting á milli ára. Hreinar vaxtatekjur SPRON, SpKef og Sparísjóðs Kópavogs drógust þannig saman á milli ára. Hafa ber þó í huga að eignarhlutir í öðrum fjármála-fyrirtækjum bera annars konar tekjur en vaxtatekjur. Ef losað væri um þessa hluti væri auðvitað hægt að skapa miklar vaxtatekjur.

Ekki er loku fyrir það skotið að gengishagnaður haldi áfram að marka afkomu sparísjóða. Fyrirhuguð skráning Icebank í Kauphöll á næsta ári mun án nokkurs vafa leysa úr læðingi mikinn hagnað fyrir alla sparísjóði landsins.

Þrengir að Íslandi og Lettlandi

S&P fjallar um hert aðgengi að lánsfé á alþjóðamörkuðum. Sérfræðingur Landsbankans telur íslenskt efnahagslíf vel í stakk búið til að takast á við óróleikaskeið.

Ísland og Lettland eru þau lönd Evrópu sem verða verst úti vegna herts aðgengis að lánsfé á alþjóðamörkuðum, í kjölfar bandarísku húsnæðislánakrisunnar. Þetta kom fram í skýrslu matsfyrirtækisins Standard and Poor's.

Fram kemur að ofþensla hafi verið í íslenska hagkerfinu undanfarin misseri; húsnæðismarkaðurinn hafi verið í hæstu hæðum og eftirspurn eftir lánsfé gríðarleg. Þá hafi íslensku bankarnir

stundað skuldsettar yfirtökur í miklum mæli. Leiddar eru líkur að því að Seðlabankinn kunni að verða knúinn til að hækka stýrivexti enn frekar, en þeir standa nú í 13,3 prósentum.

Þjórn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir íslenskt efnahagslíf vel í stakk búið til að takast á við óróleikaskeið eftir að hafa fengið ákveðna eldskírn í kjölfar neikvæðrar umræðu í mars

á síðasta ári. Mörg þeirra vandamála sem menn töldu tengjast íslensku efnahagslífi þá hafi verið leyst. „Bankarnir hafa varið sig gegn sveiflum á gengi krónunnar og ríkið stendur betur. Síðan verður að hafa í huga að bankastofnanir hér eru lítið sem ekkert tengdar þeim óróða sem verið hefur á bandaríska húsnæðislánamarkaðnum. Í heildina lítið stöndum við betur nú en áður en síðasta óróleikaskeið reið yfir.“ - jsk

TrackWell
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrissreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,4%*

GBP 6,5%*

USD 5,4%*

EUR 4,7%*

DKK 4,4%*

CAD 4,2%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðsýsingar og útdráttar úr útbóðsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 31. ágúst 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	1,84%	39,35%
Bakkavör	-1,63%	6,40%
Exista	-0,44%	50,89%
FL Group	-1,33%	1,96%
Glitnir	-0,53%	21,46%
Eimskipafélagið	-2,72%	26,46%
Icelandair	1,85%	-0,36%
Kaupþing	-1,20%	37,10%
Landsbankinn	2,58%	57,74%
Straumur	-0,49%	17,82%
Teymi	0,00%	13,86%
Össur	-0,93%	-5,31%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Storebrand tryggir sér ráðandi stöðu

Norska tryggingafélagið Storebrand hefur skrifað undir samkomulag um kaup á sænska tryggingafélaginu SPP, líftryggingahluta sænska bankans Handelsbanken. Kaupverð nemur rúmum fimmtán milljörðum sænskra króna, tæpum 168 milljörðum íslenskra króna. Greitt verður með lánsfé og útgáfu nýrra hluta til hluthafa með forkaupsrétt í Storebrand. Greinendur segja í samtali við fréttastofu Reuters að þótt verðmiðinn á tryggingafélaginu sé í hærri kantinum muni Storebrand ná ráðandi stöðu á norrænum tryggingamarkaði.

Kaupin verða tekin fyrir á hluthafafundi Storebrand í október en reiknað er með að samþættingu ljúki á næsta ári. Kaupþing, sem er stærsti hluthafinn í Storebrand með tuttugu prósent hlutfjár, og Exista eiga saman rúman fjórðungshlut í tryggingafélaginu norska. Jónas Sigurgeirsson, forstöðumaður Samskiptasviðs Kaupþings, segir bankann ekki hafa tekið afstöðu til málsins. „Við þurfum í síðasta lagi að mynda okkur skoðun á hluthafafundinum,“ segir hann en útilokaði ekki að það gæti orðið fyrir.

- jhb



HÖFUÐSTÖÐVAR STOREBRAND Í ÖSLÓ Norski tryggingarisinn Storebrand er sagður greiða hátt verð fyrir líftryggingadeild sænska Handelsbanken.

Haraldur ráðinn við hlið Jónasar

Haraldur Johannessen hefur verið ráðinn ritstjóri Viðskiptablaðsins við hlið Jónasar Haraldssonar og tekur til starfa um miðjan september.

Haraldur kemur frá Landsbankanum þar sem hann hefur starfað sem sérfræðingur í greiningardeild bankans frá árinu 2006. Áður starfaði hann sem blaðamaður á viðskiptablaði Morgunblaðsins um fjögurra ára skeið og var einnig aðstoðarmaður umhverfisráðherra á árunum 2004-2006.

Haraldur útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands.

Evruskráning er eðlileg þróun

Stjórn Straums-Burðaráss ákvað á mánudag að skrá hlutfé sitt í evrum í stað íslenskra króna frá og með 20. september næstkomandi. William Fall, forstjóri Straums-Burðaráss, segir þetta eðlilega þróun þar sem bankinn hóf að gera upp í evrum undir lok síðasta árs auk þess sem átta tíu prósent af tekjum hans komi erlendis frá.

Hann er spenntur að sjá hvaða áhrif þetta muni hafa en Straumur-Burðaráss er fyrsta íslenska félagið sem skráð er í Kauphöllina til að færa hlutfé sitt í erlendri mynt. „Önnur fyrirtæki munu eflaust fylgjast grannt með þróun mála,“ segir hann.

Fall horfir til þess að breytingin laði erlenda fjárfesta að hluthafahópi Straums-Burðaráss og telur að það hafi jákvæð áhrif. „Við gerum ráð fyrir meiri veltu með bréf í félaginu,“ segir hann. Spurður hversu hátt hlutfall



SKRÁ HLUTFÉ Í EVRUR William Fall, forstjóri Straums-Burðaráss, telur að önnur íslensk félög muni fylgjast grannt með þróun mála hjá bankanum eftir að hann skráir hlutfé sitt í evru síðar í mánuðinum.

MARKAÐURINN/GVA

erlendra fjárfesta sé viðunandi segist Fall ekki geta tjáð sig um það að sinni. „Við kynnum áætlun bankans til næstu þriggja ára í næstu viku. Þar greinum við frá hlutfallinu sem við viljum sjá.“

- jhb

Ólík gengisþróun systurfélaganna

Gengi hlutabréfa í 365 hf., útgáfufélagi Markaðarins, og Teymi hefur þróast með æði mismunandi hætti eftir að gömlu Dagsbrún var skipt upp í tvö skráð rekstrarfélög í nóvember í fyrra. Gengi hlutabréfa í Teymi hefur hækkað um 34,5 prósent eftir skiptinguna en á sama tíma hafa bréf í 365 lækkað um rúm fjórtíu prósent.

„Teymi og 365 eru svo í ólíkum rekstri og fylgni á gengi félaganna því ekki sjálfsgöð. Hærrí framlegð er í fjarskipta- og upplýsingatækni en fjölmiðla- og afþreyingarrekkstri í íslensku rekstrarumhverfi sem stendur,“ segir Baldvin Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis. Hann telur að strax frá byrjun hafi verkefnið reynst erfitt hjá 365 þar sem áætlanir um rekstur bresku prent-

smiðjunnar Wyndeham, sem félagið átti að fullu við skiptingu Dagsbrúnar, hafi ekki gengið eftir. Wyndeham átti að skila um sextíu prósentum af tekjum 365.

Við skiptinguna var fjölmiðlahlutinn metinn á 55 prósent af heildarvirði Dagsbrúnar en fjarskiptahlutinn á 45 prósent. Markaðsvirði Dagsbrúnar var um 27,5 milljarðar króna við skiptinguna. Teymi er í dag metið á 22 milljarða króna en 365 á 9,2 milljarða, en bæði félögin hafa aukið hlutfé sitt.

Baldvin vill ekki tjá sig um hvort skiptihlutföllin hafi hugsanlega verið ósanngjörn. Miðað við áætlanir í skiptalýsingu voru hlutföllin eðlileg en þær gengu ekki upp hjá 365. „En að skipta Dagsbrún niður á þann hátt sem gert var fannst mér rökrétt.“

- eþa

Harðnandi slagur í greiðslumiðlun korta

Kortabjónustan, sem keppir hér við VISA og Mastercard á sviði greiðslumiðlunar, hefur tekið vaxtarkipp síðustu mánuði. Velta fyrirtækisins hefur aukist um 54 prósent á einu ári.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Mikill vöxtur er í starfsemi Kortabjónustunnar, fyrirtækis sem annast greiðslumiðlun fyrir verslanir, líkt og risarnir tveir á þeim markaði hér, VISA og Mastercard. Kortabjónustan á í samstarfi við danska fyrirtækið PBS International, sem er fyrirtæki Visa og Mastercard í Danmörku.

Á einu ári hefur velta Kortaveltunnar aukist um 54 prósent, en frá ágúst í fyrra til júliloka í ár var heildarvelta uppgjöranna rúmir þrettán milljarðar króna. Fyrirtækið þjónustaði á síðustu tólf mánuðum 841 fyrirtæki, sem svarar til rétt rúmlega ellefu prósent markaðshlutdeildar.

Jóhannes I. Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar, segir erfitt að ráða í hvað liggja að baki vaxtarkippi fyrirtækisins, þótt því sé ekki að neita að róðurinn hafi lést töluvert eftir að Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn sína á rekstrarumhverfi kortafyrirtækjanna í fyrra. Liður í þeirri rannsókn var húsleit hjá fyrirtækinu Fjölgreiðslumiðlun í mars á þessu ári, en það fyrirtæki annast rekstur svokallaðs posakerfis og er í eigu bankanna. Einnig hafa átt sér stað breytingar hjá samkeppnisfyrirtækjunum, svo sem framkvæmdastjóraskipti hjá VISA í lok síðasta árs, og þá var Kreditkortum (Mastercard) var skipt upp þannig að útgáfa greiðslukorta og þjónusta við þau var færð í sér félag.

„Svo er fyrirtækið náttúrulega fimm ára gamalt í ár og hefur byggt upp bæði traust og orðspor,“ segir Jóhannes og bendir á eðlilega kunni að taka nokkurn tíma fyrir fyrirtæki að gera sig gildandi í fjármálaþjónustu. „Svo bjóðum við þessa þjónustu töluvert ódýrari en samkeppnisáðilarirnir og erum í raun fyrsta samkeppni erlendra bankaþjónustu hér á landi,“ segir hann og vísar til þjónustusamnings fyrirtækisins við PBS. „VISA og Mastercard í Danmörku standa að baki og gera upp greiðslurnar,



JÓHANNES I. KOLBEINSSON Jóhannes, sem er framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar, stofnaði Kortabjónustuna árið 2002 ásamt Gunnari Biering stjórnarformanni og fleirum.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

en með samstarfinu við okkur geta þau sparað sér verulegar upphæðir í þjónustugjöldum á ári hverju.“ Jóhannes segir Kortabjónustuna jafnframt hafa verið í fararbroddi í nýbreytni á borð við að bjóða fyrirtækjum skemmri uppgjörstíma, tvo daga að jafnaði, en það er tíminn frá kortafærslu og þar til söluaðili fær greiðslu frá kortafyrirtækinu. Jóhannes segist vonast til að geta haldið í við vöxt undangenginna mánaða, en kveðst þó ekki vilja fara fram úr sér í bjartsýni. „Það verður bara að koma í ljós og gengur vonandi eftir, en tölurnar fyrir ágúst eru miklu hærri en við bjuggumst við.“

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir niðurstöður ekki liggja fyrir í rannsókn á rekstrarumhverfi kortafyrirtækjanna. „Athuganir okkar beinast þó náttúrulega meðal annars að því hvort fyrirtæki hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína eða brotið samkeppnislög með öðrum hætti,“ segir hann. Samkeppniseftirlit Norðurlanda gáfu í fyrra saman út skýrslu um norrænan bankamarkað og þar var bent á krosseignarhald í starfsemi kortafyrirtækja og mikilvægi þess að nýir aðilar kæmst inn á þann markað. „Starfsemi Kortabjónustunnar og PBS er dæmi um slíka innkomu og við erum talsmenn þess að fjölbreytileikinn verði enn meiri og innkoma fyrirtækja á fjármálamarkaði auðveldari.“

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

ÚR HREYSI Í HÖLL
EXTREME MAKEOVER: HOME EDITION
Í KVÖLD KL. 20:05


skemmtilegri

GRAND VITARA ÞRAUTREYNDUR OG TRAUSTUR JEPPI

**Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.**

**ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR**

Grand Vitara er boðinn í mörgum útfærslum.

Val er um öflugar og sparneytnar 4 og 6 strokka bensínvélar, eða umhverfisvæna dieselvél með bestu mengurnarvörnum svo sem öflugri sótsíu.

Grand Vitara er með sí tengdu fjórhjóladrifi með vali um læsingu og millikassa með háu og lágu drifi.

Meðal staðalbúnaðar er ESP stöðugleikastýring með spólvörn, tölvustýrð loftræsting m. kælingu, vönduð hjómtæki, upphituð framsæti og útispeglar.



Hugleik Ágúst 07

Verð frá 2.790 þús.

SUZUKI

Skeifunni 17. Sími 568 5100.

Kíktu á suzukibilar.is

Ársskýrsla ársins valin í dag

Stjórnvísir veitir í dag í þriðja sinn verðlaun fyrir ársskýrslu ársins. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra mun veita því fyrirtæki sem þykir hafa gefið út bestu ársskýrsluna árið 2006 verðlaunin í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Öll hlutafélög sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru sjálfkrafa í pottinum.

Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á nauðsyn þess að vandað sé til verka við gerð ársskýrslna og undirstrika mikilvægi þeirra í upplýsingagjöf. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Stjórnvísi.

Í ár var sérstök áhersla lögð



GLITNIR Ársskýrsla ársins í fyrra kom frá Glitni. Stjórnvísir veitir verðlaun fyrir ársskýrslu ársins á morgun.

á stjórnarhætti fyrirtækja og umfjöllun um launakjör stjórnenda, samkvæmt reglum fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöllinni.

- hhs

Katarsjóður gæti keypt af Nasdaq

Fjárfestingasjóður í eigu stjórnvalda í Katar hefur gert tilboð í 31 prósent hlut bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq í Kauphöllinni í Lundúnum (LSE). Tilboð liggur enn ekki fyrir en rætt hefur verið um allt að einn milljarð punda, 128 milljarða íslenskra króna.

Nasdaq gerði yfirtökutilboð í LSE í fyrra en því var hafnað og setti hlutabréfamarkaðurinn sig því í gírinn fyrir óvinveitta yfirtöku á breska keppinautinum með kaupum á hlutabréfum í honum. Haft var eftir Robert Greifeld, forstjóra Nasdaq, að hann myndi gjalda LSE mótstöðuna og koma



í veg fyrir yfirtökutilraunirnar. Stjórn Nasdaq ákvað síðan í síðasta mánuði að selja hlutinn til að fjármagna kaup sín á norrænu kauphallarsamstæðunni OMX.

Fjöldi fjárfesta hefur sýnt áhuga á LSE-hlutnum, að sögn breska blaðsins Sunday Times, sem bætir við að með þeim komist Nasdaq hjá því að hluturinn falli í hendur Hlutabréfamarkaðarins í Dubai, sem hefur gert móttilboð í OMX-samstæðuna á móti Nasdaq.

- jab

ROBERT GREIFELD Forstjóri Nasdaq er sagður fremur vilja sjá fjárfestingasjóð í Katar kaupa hlut markaðarins í Kauphöllinni í Lundúnum en Hlutabréfamarkaðurinn í Dubai.

MARKAÐURINN/AFP

Ólíkt álit á misskiptingu

Sérfræðingum ber oft ekki saman um hvort tekjumisrétti sé við lýði hér á landi eður ei.

Í vikuritinu Vísbendingu kemur fram að þessir sérfræðingar séu í raun ekki að tala um sama hlutinn. Í samanburði á tekjum sé annars vegar talað um laun og hins vegar allar tekjur að fjármagnstekjum meðtöldum. Í alþjóðlegum saman-

burði sé iðulega stuðst við fyrri mælikvarðann. Óljóst sé hvernig Ísland standi í samanburði við önnur lönd þegar allar tekjur eru teknar með í reikninginn.

Skipting launa á Íslandi hefur lítið breyst í um áratug samkvæmt greininni. Misskipting í fjármagnstekjum eykst hins vegar dag frá degi.

- hhs

Fundað um Stork í Reykjavík um helgina

Styttist í að samningaviðræðum ljúki.

Fulltrúar hollensku iðnaðarsamstæðunnar Stork N.V. og London Acquisition N.V., eignarhaldsfélags stjórnað af Candover, komu til Reykjavíkur um síðustu helgi til fundar með fulltrúum LME eignarhaldsfélags ehf. sem er eignarhaldsfélag Marel Food Systems, Landsbankans og Eyrís Invest.

Candover framlengdi um mánaðamótin samþykkisfrest hluthafa Stork N.V. til að taka yfirtökutilboði í allt hlutafé Stork N.V. til 18. september næstkomandi. Framlengin er gerð að höfðu samráði við LME og þykir það benda til þess að hilli undir niðurstöðu í viðræðum

félaganna. Í trúnaðarskjalum sem Stork sendi fyrir mistök á fjölmiðla í Hollandi kemur fram að LME bjóðist til að kaupa út úr samstæðunni eignir, en LME hefur horft til þess að sameina Marel Food Systems og matvælavinnsluvélahluta Stork.

LME hefur tryggt sér yfir 43 prósent hlutafjár í Stork og lýst því yfir að félagið muni ekki samþykkja fyrirbyggjandi yfirtökutilboð Candover.

Í tilkynningu LME kemur fram að félagin telji „viðeigandi að halda áfram formlegum viðræðum“ en engin trygging sé þó fyrir því að niðurstaða náist í viðræðunum.

- óká

Vaxtalækkun næsta örugg

Miklar líkur eru á stýrivaxtalækkun í Bandaríkjunum eftir hálfan mánuð og jafnvel annarri eftir tvo mánuði.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum tóku vel við sér á föstudag í síðustu viku eftir að þeir George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, og Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins, sögðust ætla að bregðast við hræringum á bandarískum fjármálamörkuðum í kjölfar mikilla vanskila á bandarískum fasteignalánamarkaði með annars flokks lán á háum vöxtum til einstaklinga með litla greiðslugetu.

Bush sagði ríkið verða að grípa í taumana og koma í veg fyrir jafn miklar hræringar og nú með fyrirbyggjandi aðgerðum. Hann varpaði því fram að beita húsnæðisábyrgðasjóði ríkisins í aðstæðum sem þessum, auk þess að gera breytingar á skattareglum til að auðvelda þeim sem tekið hefðu annars flokks lán að endurfjármagna sig með nýjum lánnum. Mikil vanskil á bandarískum fasteignalánamarkaði í vor hafa komið illa niður á bandarískum fjármálafyrirtækjum og erlendum

kollegum þeirra sem hafa fjárfest í þarlandum fasteignalánasöfnunum. Háu stýrivaxtastigi er kennt um ástandið, auk þess sem bandarísk fjármálafyrirtæki hafi í einhverjum mæli tælt lántakendur til að taka hærri lán en þeir höfðu þörf á og haft burði til að greiða.

Fjármálaskýrendur í Bandaríkjunum reikna nú fastlega með því að seðlabankinn bregðist við samdrættinum og erfiðara vaxtaumhverfi með lækkun stýrivaxta. Ben Bernanke seðlabankastjóri gaf það hins vegar ekki í skyn á föstudag en hann benti á að bankinn myndi beita tólum sínum og tækjum og koma til móts við aðstæður á fjármálamörkuðum. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um lækkun vaxtanna hefur bankinn lagt áherslu á að því úrræði verði ekki beitt fyrr en vísbendingar komi fram er sýni að verðbólga sé að hjaðna.

Fjárfestar eru hins vegar fremur bjartsýnir, svo mjög reyndar að þeir horfa til þess að seðlabankinn muni jafnvel lækka stýrivexti í tvígang; á næsta vaxtaákvörðunarfundi bankans 18. september og svo á ný í október, að sögn fréttastofunnar Associated Press.



BEIÐ EFTIR STÝRIVAXTALÆKKUN Fjármálaskýrendur í Bandaríkjunum telja að komi til vaxtalækkunar á evrusvæðinu og í Bretlandi á morgun geti það gefið tóninn fyrir snarpa stýrivaxtalækkun í Bandaríkjunum á næstunni.

MARKAÐURINN/AFP

Verði fjárfestum að ósk sinni verður þetta fyrsta stýrivaxtalækkun seðlabankans í fjögur ár. Árið 2003 lækkaði bankinn vextina síðast, um 25 punkta, og fóru þeir við það í einungis eitt prósentustig. Strax árið eftir hóf bankinn hækkanafarli sem stóð fram í júní í fyrra en þá var þeim haldið óbreyttum í 5,25 prósentum.

Vaxtaákvörðunardagur er bæði í Bretlandi og á evrusvæðinu á morgun. Greinendur í Bandaríkjunum telja næsta öruggt að lækki bankarnir stýrivexti muni það verða haft til hlíðsjónar í Bandaríkjunum og auka enn frekar líkurnar á því að spá greinenda gangi eftir síðar í mánuðinum, að sögn Associated Press.

Til leigu – breyttir Holtagarðar



Yfir 20.000 m² verslunar- og þjónustumiðstöð með glæsilegum og traustum verslunum.

Laust verslunarpláss frá 600 m² á einum besta stað í höfuðborginni. 800 bílastæði – frábært aðgengi og framtíðarstaðsetning.

Allar nánari upplýsingar veita Inga Rut Jónsdóttir, ingarut@stodir.is, og Örn Kjartansson, orn@stodir.is, í síma 575 9000.



FASTEIGNAFÉLAGIÐ STODIR HF.

Fasteignafélagið Stodir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með yfir 400.000 m² í sinni eigu og sérhæfir sig í að leigja traustum leigutökum til langs tíma.

Kringlunni 4-12 103 Reykjavík
Sími 575 9000 Fax 575 9001 www.stodir.is



IBM BladeCenter heldur heiminum gangandi

Sveigjanleiki og lágur rekstrarkostnaður í fyrirrúmi hjá stjórnendum CCP

Yfir 200.000 „íbúar“ sem treysta á öryggi

Í EVE-heiminum „búa“ rúmlega 200.000 manns frá 220 löndum sem treysta á að IBM BladeCenter og IBM System x netþjónar haldi heiminum gangandi.

Einfalt að byggja upp tölvukerfi – lægri stofnkostnaður

Með því að treysta á IBM BladeCenter og IBM System x netþjóna hefur stjórnendum EVE-Online verið gert auðvelt að byggja upp miðlægt tölvukerfi án þess að leggja í mikinn stofnkostnað. Með þeim mikla vexti sem hefur verið hjá EVE-Online undanfarin ár hefur svo tölvukerfið vaxið með þeim í samræmi við þeirra þarfir.

40% markaðshlutdeild í Blade netþjónum

IBM var með 40% markaðshlutdeild í Blade netþjónum árið 2006. Ástæðan eru yfirburðir IBM Blade netþjóna hvað varðar þróun, hönnun og tækni sem eykur öryggi, lækkar rekstrarkostnað og gerir fyrirtæki sveigjanlegri til að takast á við ný tækifæri.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjónum sem aðstoðar fyrirtækið þitt að ná hámarks árangri.



*Heimild: IDC, febrúar 2007



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Stoðir eru stærsta fasteignafélag á Norðurlöndum

Hið nýsameinaða félag Stoða og Keops er með starfsemi í fjórum löndum og eru eignir þess metnar á 381,2 milljarða íslenskra króna. Stoðir eru nú skilgreindar sem norður-evrópskt fasteignafélag. Jón Skaftason sat fréttamannafund í höfuðstöðvum Keops í útjaðri Kaupmannahafnar og ræddi við Skarphéðin Berg Steinarsson, forstjóra Stoða, sem segir viðhorf Dana í garð íslenskra fjárfesta batna hægt og örugglega. Eftir samrunann eiga um þrjú hundruð danskir fjárfestar hlut í Stoðum.

Yfirtöku Stoða á Keops lýkur formlega á næstu dögum, en Stoðir ráða nú yfir 96,72 prósentum hlutfjár í danska fasteignafélaginu. Þeir hlutir sem eftir standa eru innlausnarskyldir. Samkvæmt tilboði Stoða gátu hlutfjáreignendur valið milli þess að fá 24 danskir krónur fyrir hlut í Keops, eða hlutafé í Stoðum í skiptum. Heildarvirði Keops er um 49,3 milljarðar íslenskra króna.

Boðað hefur verið til stjórnarfundar í Keops þar sem formlega verður tekin sú ákvörðun að afskrá félagið úr Dönsku kauphöllinni. Stefnt er að því að skrá hið nýsameinaða félag undir nýju nafni í Kauphöll Íslands innan níu mánaða. Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Stoða, segir undirbúning að skráningu þegar hafinn. „Á næstu vikum og mánuðum þurfum við að sameina félögin, tryggja að öll kerfi virki og sjá til þess að félagið starfi sem ein heild. Við höfum boðað alla starfsmenn félagsins hingað til Kaupmannahafnar í lok september og þá á hið sameinaða félag að vera orðið eitt. Við stefnum að því að félagið verði orðið skráningarhæft eftir mánuð.“

Fram kom á fundi með fréttamönnum í höfuðstöðvum Keops í útjaðri Kaupmannahafnar að fasteignapróunarhluti Keops yrði seldur út úr samstæðunni, til stórra hluthafa í Keops. Skarphéðinn segir ástæðuna þá að fasteignapróunarhlutinn falli ekki sérstaklega vel að kjarna-

starfsemi félagsins, og bendir á að hér heima hafi gefist vel að reka Stoðir annars vegar og fasteignarþróunarfélagið Þyrpingu hins vegar.

Undanfarnar vikur hafa verið róstusamar á markaði svo ekki sé meira sagt. Skarphéðinn telur þó markaðsaðstæður heppilegar til nýskráningar félagsins. „Menn hafa talsvert spurt um það heima á Íslandi hvort Stoðir verði ekki á endanum skráð á markað. Við höfum enga ástæðu til að ætla að sá áhugi hafi minnkað þrátt fyrir tímabundinn óróa á markaði. Þvert á móti ætti félagið að verða enn áhugaverðara eftir þessa sameiningu við Keops.“ Ástandið sem skapaðist vegna svokallaðra annars flokks bandarískra húsnæðislána hefur ekki haft teljandi áhrif á starfsemi Stoða að sögn Skarphéðins, enda fjármögnun félagsins trygg til lengri tíma.

KAUPHÖLL ÍSLANDS BESTI KOSTURINN

Stoðir verða fyrsta fasteignafélagið í Kauphöll Íslands. Skarphéðinn segir félagið vissulega einstakt hvað það varðar en bendir þó á að Stoðir sé fjármagnsfrekt félag, og eigi raunar ýmislegt sameiginlegt með íslensku fjármálafyrirtækjunum sem íslenskir fjárfestar hafa verið móttækilegir fyrir undanfarin ár. „Nú þegar eru um fjögur hundruð hluthafar í félaginu. Stoðir hafa verið með skráða skuldabréfaflokka og við erum því von að gera upp og tilkynna til Kauphallarinnar. Þá hefur Keops náttúrulega verið skráð á markað í fjölda ára. Ég held það megi alveg segja að við höfum nú þegar burði til að uppfylla flestar þær kröfur sem gerðar eru til félaga á markaði.“

Ákveðið hefur verið að skrá Stoðir í Kauphöll Íslands, en ekki samhliða í aðrar norrænar kauphallir. Skarphéðinn segir að vel hafi komið til greina að skrá félagið í aðrar kauphallir á Norðurlöndunum. Niðurstaðan hafi hins vegar orðið sú að heppilegast væri að skrá félagið í Kauphöll Íslands. „Flestir hluthafar í félaginu eru íslenskir. Við teljum að mikil stemning sé fyrir fyrirtæki á borð við okkar í Kauphöllinni heima. Síðan er það náttúrulega þannig að með OMX-samstarfinu verður félagið eftir sem áður sýnilegt á öðrum mörkuðum.“

Stoðir starfa nú á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Samkvæmt skipuriti hins nýja félags verður sérstakur forstjóri



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON OG KARSTEN POULSEN Ákveðið hefur verið að skrá Stoðir undir nýju nafni í Kauphöll Íslands innan níu mánaða. MYND/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

yfir hverju landi fyrir sig. Heildareignir félagsins eru metnar á 381,2 milljarða íslenskra króna. Leiguhúsnæði hins nýsameinaða félags er samtals um 2,8 milljónir fermetra og leigutakar rúmlega 3,800. Hjá félaginu starfa 166 manns.

Fasteignir Stoða í Kaupmannahöfn eru margar hverjar miðsvæðis og umluktar sögufrægum byggingum. Nýverið var gerður tíu ára samningur við Danske Bank um leigu á ÖK byggingunni svokölluðu sem stendur við Holmens Kanal í miðborginni. ÖK byggingin er um ellefu þúsund fermetrar og hýsti áður danska sjávarútvegsráðuneytið. Þá verða höfuðstöðvar Gudme Raaschou Bank fluttar í Tietgens Hus sem einnig er í eigu Stoða. Húsið er eitt af kennileitum borgarinnar og stendur við Kristjánsborgarhöll, þinghús Dana.

Stoðir eru nú stærsta fasteignafélag á Norðurlöndunum sé litið til stærðar efnahagsreiknings. Skarphéðinn segist skilgreina Stoðir sem norður-evrópskt fasteignafélag. Hann telur að frekari tækifæri séu til samþættingar á norrænum fasteignamarkaði, og nefnir Svíþjóð sérstaklega í því sambandi enda sé þar að finna stærstu fasteignafélögin. „Þýskaland er líka á margan hátt áhugaverður markaður, verðið er mjög hagstætt þótt vinnýting sé talsvert vandamál. Við höfum ekkert verið að skoða í Bretlandi, en því er hins vegar ekki að neita að þar er mjög þroskaður markaður og því alls ekki hægt að útiloka að við lítum þangað í náinni framtíð.“

ÞRjú HUNDRUÐ DANSKIR HLUTHAFAR

Umfjöllun um íslenskt viðskiptalíf hefur löngum verið fremur óvæginn í Danmörku. Skarphéðinn segist hafa orðið áþreifanlega var við ákveðna fordóma, og segir ekki alltaf auðvelt að eiga í viðskiptum í Danmörku. Hann segir dönsku bankana ekki hafa sýnt því mikinn áhuga að eiga viðskipti við Íslendinga, auk þess sem fjölmiðlaumfjöllun hafi oft á tíðum verið fremur undarleg. „Við erum ekki að gera neitt annað en að gera okkur mat úr þeim tækifærum sem Danirnir hafa haft fyrir nefinu á sér í heillangan tíma. Skattþvinging liggur eins og mara á þessu þjóðfélagi. Ég held þeir eyði allt of miklum tíma í að

velta fyrir sér skattastrúktúrum. Hvergi annars staðar kynnist maður svo blómlegum viðskiptum hjá skattaráðgjöfum og hér í Danmörku.“ Skarphéðinn tekur þó fram að viðhorf í garð íslenskra fjárfesta sé að skána og að þeir einstaklingar sem hann hafi unnið með hafi nánast án undantekninga reynt góðir samstarfsmenn.

Eigendur tæplega 97 prósent hlutfjár í Keops gengu að yfirtökutilboði Stoða. Stærstu eigendur í félaginu eru Baugur með 39,1 prósent hlutfjár og Fons með 20,6 prósent, þá á fjárfestingafélagið 101 Capital 16,5 prósent í Stoðum. Eigendur sjötíu prósent hlutfjár völdu hlutfé í Stoðum í skiptum fyrir bréf í Keops. Skarphéðinn segir yfirtökuna hafa gengið framram vonum. Farið hafi verið fram með skýrt yfirtökutilboð, þar sem allir hluthafar félagsins stóðu frammi fyrir sömu kostum. „Þessu var mjög vel tekið hérna í Danmörku, og við heyrðum enga gagnrýni hér á hvernig haldið var á málum. Við sjáum að nú eru fyrir þrjú hundruð danskir hluthafar í Stoðum, sem enn er óskráð íslenskt hlutfélag. Greinilegt er að viðhorf Dana til íslensks viðskiptalífs hefur breyst talsvert síðan öll lætin urðu kringum kaupin á Magasin Du Nord.“

Skarphéðinn segir mikil tækifæri fólgin í þeirri samlegð sem verði milli félaganna tveggja. Eignasafnið verði mun stærra og fjármögnun einfaldari. „Við förum úr því að vera félag sem að meirihluta er í íslenskum krónum, yfir í að vera að stærstum hluta með starfsemi í öðrum löndum. Krónan er bara rétt tæpur fimmtungur af okkar heildarstarfsemi. Í þessu eru fólgin mikil tækifæri; að vinna með þessi stóru eignasöfn og skoða tækifæri í öðrum löndum.“

Eiginfjárhlutfall Stoða er nú um tuttugu prósent. Skarphéðinn telur stöðuna góða, og telur ekki endilega þörf á því að sækja mikið eigið fé til viðbótar í hlutfjárútbóði.

Höfuðstöðvar hins nýsameinaða félags verða í Reykjavík. Ekki liggur fyrir hvert nafn félagsins verður, en Skarphéðinn segir þó augljóst að ð-ið í nafni Stoða sé útlendingum óþjálmt. „Þetta verður íslenskt félag, með eitt nafn og höfuðstöðvar á Íslandi, þótt ýmsir mikilvægir þættir í rekstrinum verði hér í Danmörku.“

Mjög vinsamleg yfirtaka

Karsten Poulsen, framkvæmdastjóri hins nýsameinaða félags, segir yfirtöku Stoða rökrétt skref í þróun félagsins. „Þessi yfirtaka er eins vinsamleg og hugsast getur. Ég hef starfað með Íslendingunum í Keops undanfarin tvö ár og lít til að mynda á Skarphéðin Berg sem mjög góðan vin.“

Hann telur að með yfirtökunni verði hægt á mun skemmri tíma að ná þeim markmiðum sem forsvarsmenn Keops höfðu sett félaginu. „Við fáum nú aðgang að meira fjármagni, og gríðarlega sterku fólki sem veit nákvæmlega hvað þarf til að ná árangri.“

Poulsen segist oft á tíðum hafa orðið forviða á neikvæðri umfjöllun um íslenska fjárfesta í Danmörku, enda hafi hann ekkert nema gott um Íslendingana að segja. „Fyrir mér eru þetta bara venjulegir fjárfestar, sem hugsa hratt og hreyfa sig snögg.“

- jsk



TIETGENS HUS Í MIÐBORG KAUPMANNAHAFNAR Húsið, sem stendur við hlið Kristjánsborgarhallar, er í eigu Stoða og þýkir eitt af kennileitum Kaupmannahafnar. Gudme Raaschou Bank hefur leigt húsið undir höfuðstöðvar sínar. MYND/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

Graphic 2007

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN
mobile





ÁÆTLAÐU PRENTÞÖRFINA OG SPARAÐU TÍMA OG PENINGA



Á oddi.is er nú hægt að gera áætlun um prentþörf fyrirtækis á ársgrundvelli. Með því má bæði spara tíma og peninga og auka yfirsýn til muna.

Prófaðu í dag – niðurstaðan kemur þér skemmtilega á óvart!

Hraði, gæði og fagmennska
Í viðskiptaumhverfi nútímans skipta hraði og gæði viðskiptavini miklu máli. Við hjá Odda höfum einsett okkur að vera skapandi og traustur samstarfsaðili þeirra sem þurfa að koma skilaboðum á framfæri. Með vel þjálfuðu og reynslumiklu starfsfólki sem hefur beinan aðgang að öflugasta prenttækjakosti landsins getum við boðið þér þjónustu sem tryggir þér ráðgjöf fagmanna, gæði í framleiðslu og stuttan afhendingartíma.

Prentlausnir – þinn lykill að einföldum og þægilegum viðskiptum

Í vörulistanum Prentlausnum er að finna verð á yfir 1000 prentgripum. Upplýsingar um hvernig spara má enn frekar með því að velja vinnslutíma auk ýmissa annarra gagnlegra og nauðsynlegra upplýsinga sem gott er að hafa við hendina þegar kaupa á prentverk.

Pantaðu ókeypis eintak Prentlausna á oddi.is



Hingað til hefur lítið verið vitað um líðan þeirra erlendu sérfræðinga sem eru við störf á Íslandi. Þeir skipta þó hundruðum og þeim fer ört fjölgandi. Ný könnun Capacent, sem kynnt var á morgunverðarfundum Fjárfestingarstofu og Útflutningsráðs í gær, varpar nýju ljósi á þennan hóp. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir ræddi við framsögumenn fundarins um þýðingu þess fyrir íslenskt atvinnulíf að laða að erlenda sérþekkingu.

Erlend sérfræðipækking lykill að samkeppnishæfni Íslands

Einn er sá minnihlutahópur á Íslandi sem fer lágt og litlar sem engar upplýsingar eru til um. Þetta eru erlendu sérfræðingarnir sem íslensk fyrirtæki leita í síauknum mæli til og skipta nú hundruðum á landi. Ný rýnihóparannsókn sem Capacent vann fyrir Fjárfestingarstofuna og Útflutningsráð, og kynnt var á morgunverðarfundum í gær, gefur ýmsar nýjar og þarfar vísbendingar um þennan ört vaxandi hóp. Niðurstöður úr rýnihóparannsóknunum gefa oft dýpri niðurstöður en aðrar rannsóknir. Þær má hins vegar ekki meðhöndla öðruvísi en sem vísbendingar en ekki alhæfingar um hópinn í heild sinni. Fjórðán menn og konur frá tólf löndum, sem höfðu búið hér frá átta mánuðum upp í sjö ár, tóku þátt í rannsókninni. Flest þeirra voru hér vegna þess að þau höfðu einhverja tengingu við landið, í gegnum vini, fjölskyldu eða maka. Í hópnum voru meðal annars verkfræðingar, markaðsstjórar, lögfræðingar, fjármálasérfræðingar og landfræðingar.

JÁKVÆÐAR HLIÐAR OG NEIKVÆÐAR

Yfir heildina lítið voru þátttakendur í rannsókninni jákvæðir um veru sína á Íslandi, að

sögn Guðnýjar Rutar Isaksen, ráðgjafa hjá Capacent, sem hafði yfirumsjón með rannsókninni. Hins vegar voru oft neikvæðar hliðar á því sem þeir töldu jákvætt.

Þátttakendur voru sammála um að tækifærin væru mörg í atvinnulífnum hér og meiri ábyrgð fengist á styttri tíma en annars staðar. Þeir töluðu einnig um að almennt væru vinnuskilyrði, laun og vinnuandi góð á íslenskum vinnustöðum. Mikill sveigjanleiki einkenndi umhverfið og viðhorf virtist almennt jákvætt til framtíðarinnar.

Ekki var þó allt jákvætt í svörum sérfræðinganna. „Tengslanetin á Íslandi þykja þeim vera úr járn og ómögulegt að brjóta sér leið í gegnum þau,“ segir Guðný. „Þá þykir þeim áberandi að ágreiningur og uppbyggileg gagnrýni sé litin hornauga. Vegna tungumálsins þykir þeim oft erfitt að komast inn í málin á vinnustaðnum. Oftar en ekki sé tölvupóstur eingöngu á íslensku og innanhússtöður séu oft ekki auglýstar. Menntun og reynsla virðist þeim hafa minna að segja

en kunningskapurinn um hver hlýtur starfið.“

Mörgum sérfræðinganna hefur þótt erfitt að nálgast íslenskukennslu við hæfi. Margir þeirra hafa því ekki séð sér annan kost en að fara í einkatíma. Í einhverjum tilfellum var íslenskukennsla innan fyrirtækjanna sem hafði reynst vel. Tungumálið sjá þeir sem lykil að tengslanetunum.

SAMA AÐ SEGJA UM DAGLEGT LÍF

Um reynslu sína af daglegu lífi á Íslandi sögðu sérfræðingarnir meðal annars heilbrigðiskerfið til fyrirmyndar, að hér ríkti mikið öryggi og lítið væri um glæpi. Hér væri því gott að ala upp börn. Þá þykir þeim samfélagið vinalegt og opið. Í daglega lífinu hafa þau þó líka rekist á hindranir. Sérstaklega finnast þeim lítið til samgangna og vegakerfisins koma. Þeim þykir slæmt að skjöl og pappírar sem þeim berast frá ríki og sveitarfélögum séu alltaf á íslensku. Þá varð þeim tíðrætt um óstöðugleika íslensku krónunnar.

Þátttakendur í könnuninni voru sammála um mikilvægi þess að

Lagabreytingar nauðsynlegar

Með aukinni alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja hefur gríðarleg breyting orðið á eðli viðskiptavinahópar Útlendingastofnunar. Umsóknunum frá fyrirtækjum sem þurfa á erlendum sérfræðingum að halda hefur fjölgað verulega á síðustu árum.

Útlendingar utan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi og uppfylla tölverðar skjalakröfur. Afgreiðslutíminn hjá Útlendingastofnun er yfirleitt þrjú mánuðir að lágmarki. Ferlið við að ráða erlendan sérfræðing getur því tekið fyrirtæki rúmlega fimm mánuði, að allri skjalavinnu meðtalinni. „Þegar fyrirtæki skortir sérfræðing er þolinmæðin nánast engin,“ segir Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar. „Þetta er mjög skiljanlegt enda geta fyrirtæki auðveld-

lega misst þann sérfræðing sem þau þurfa á meðan þau bíða eftir afgreiðslu atvinnu- og dvalarleyfis.“

Útlendingastofnun hefur reynt að koma til móts við fyrirtæki sem þarfnast erlendra sérfræðinga. Hún hefur þó takmörkuð úrræði til að bregðast við breyttum kröfum. „Til þess að geta brugðist sem best við þarf lagabreytingar. Við fáum sautján þúsund umsóknir um dvalarleyfi á ári og það er ekkert í lögum sem segir að sérfræðingar eigi að fá forgang á aðra. Eini forgangurinn sem er í gildi er fyrir EES-borgara.“

Hildur segir að umsóknunum erlendra sérfræðinga hafi fjölgað verulega frá síðasta ári. Astandið sem nú ríkir sé því nýtt, ekki bara fyrir stjórnvöld heldur ekki síður fyrir atvinnulífið. Allir séu að feta

sig áfram á ótroðnum slóðum. „Það er greinilegt að þarfir atvinnulífsins eru að breytast. Það er ekki svo langt síðan útlendingar voru fengnir til starfa því fleiri hendur skorti til að vinna ákveðið verk. Nú er verið að krækja í hugvit sem ekki fæst hér á landi.“

Á andanförunum árum hafa mörg Evrópulönd brugðist við samkeppninni um hugvit með því að gera breytingar á útlendingalögum. Það er stefna stjórnvalda í þessum löndum að laða hugvit til landsins. Bretar eru til að mynda búnir að taka í gegn allt ferlið í útlendingamálum. Norðurlöndin hafa sett ákveðin viðmið í launum. Ef fólk hefur laun yfir ákveðnu marki getur það nokkuð auðveldlega komið þangað til að vinna. Viða hefur líka verið komið upp kerfi þar sem sérfræðingum,



HILDUR DUNGAL Forstjóri Útlendingastofnunar segir að reynt hafi verið að koma til móts við þarfir atvinnulífsins við afgreiðslu dvalar- og atvinnuleyfis fyrir sérfræðinga utan EES-svæðisins. Lagabreytingar séu hins vegar nauðsynlegar til að þjónustan megi verða sem best. MARKAÐURINN/GVA

sem geta sýnt fram á að þeir búi yfir sérstakri þekkingu, er gert kleift að koma til annarra landa án þess að vera komnir með atvinnuleyfi fyrir fram. Hildur segir hugsunina hér allt of lengi hafa snúist um að skapa hagkvæmt skattaumhverfi til að mæta breyttum

þörfum atvinnulífsins. Hins vegar hafi sýnt sig að það sé ekki nóg. „Við megum ekki gleyma að það eru fleiri stjórnvöld til í stjórnslunni sem geta stutt við svona stefnu.“

Hildur nefnir að aðkoma stofnana hjá stjórnslunni í útlendingamálum hafi verið sú sama í fjölda ára. „Núverandi skipulag dugði þegar til landsins voru að koma upp í hundrað einstaklingar á ári. En ekki lengur. Aðkoma mismunandi stjórnvalda tekur mið af veruleika sem er ekki til staðar lengur,“ segir Hildur. Hún telur að almennt séu ráðherrar opnir fyrir breytingum, enda séu þessi mál farin að snerta mun fleiri ráðuneyti en þau gerðu áður. Þetta sé ekki lengur mála-flokkur eins ráðuneytis heldur hagsmunamál flestra.



Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



verk að vinna

MÍÐVIKUDAGUR 5. SEPTEMBER 2007



Lausar byggingalóðir
Almenningi stendur til
boða þónokkrar lóðir á
suðvesturhorninu **BLS. 4**



Fréttablaðið/Hörður



130 m á hæð

„GP krana eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LYSING.IS // 540 1500

Endalausar tafir

Áslaug Tóka Gunnlaugsdóttir og Björn Ingi Guðjónsson eru að byggja einingahús í Seljahverfinu. Þau byrjuðu að byggja fyrir tveimur árum en hafa orðið fyrir miklum töfum og húsið því enn ekki orðið fókelt.

„Það eru komnar upp einingar en húsið er samt ekki orðið fókelt ennþá,“ segir Áslaug Tóka og bendir á að nauðsynlegt sé að hafa alla samninga við arkitekt og iðnaðarmenn skriflega. „Það þarf að vera alveg á hreinu hve langur tími eigi að fara í verkið og hvað það eigi að kosta. Ef samningurinn er munnlegur er mikil hætta á að menn standi ekki við sinn hluta eða fari fram úr kostnaði,“ bætir hún við og segir engum treystandi í þessum efnun.

„Við erum að byggja einingahús og ferlið er búið að taka tvö ár enda höfum við verið mjög óheppin að mörgu leyti og rosalega margt sem hefur orðið til þess að hægja á byggingunni,“

segir Áslaug og nefnir sem dæmi að sérstakar kvaðir á lóðinni hafi meðal annars seinkað ferlinu.

Áslaug segir þau hafa þurft að bregðast skjótt við eftir úthlutunina því upplýsingarnar bárust seint til þeirra þar sem þær voru sendar á vitlaust heimilisfang í byrjun. „Við byrjuðum á því að selja íbúðina okkar, sem við hefðum aldrei átt að gera því hún er búin að hækka mikið í verði á þeim tveimur árum sem eru liðin. Auðvitað átti þetta allt að gerast miklu hraðar en það hefur gert svo við höfum tapað miklum fjármunum vegna þess,“ segir hún og bætir við: „Ef ég hefði vitað að við ættum eftir að lenda í öllum þessum töfum og vandræðum hefðum við aldrei farið út í þetta. Þetta hefur tekið mjög mikið á og er örugglega það erfiðasta sem við höfum gert á lífsleiðinni. Við verðum samt að vera jákvæð og vonum að okkur takist að klára þetta á sem stystum tíma.“ *sigridurh@frettabladid.is*



Áslaug Tóka Gunnlaugsdóttir er að byggja einbýlishús í Seljahverfi ásamt manninum sínum og segir ótalmargt hafa farið úrskeiðis sem hafi tafið verkið. *FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR*



Með endurbótunum hefur aðstaðan fyrir kennara og nemendur Grunnskóla Seltjarnarness batnað til muna. *FRÉTTABLAÐIÐ/GVA*

Bylting fyrir kennara og nemendur skólans

Stórtækar breytingar voru gerðar á húsnæði yngra stigs og miðstigs Grunnskóla Seltjarnarness í sumar. Þær fela meðal annars í sér nýja aðstöðu fyrir frístundaheimili og rúmbetri skólastofur.

Sigfús Grétarsson, skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness, fagnar endurbótunum og segir þær gjörbylta starfsaðstöðu nemenda og kennara. „Húsnæðið var gamalt. Nú er það nútímalegt og stofurnar rúmbetri en áður. Allt saman var endurnýjað, svo sem vatnslagnir og raf-lagnir. Hér er líka komin ný heimilisfræðiaðstaða, sem er bylting frá því sem áður var.“

Endurbæturnar hafa staðið yfir í þrjú ár og er ekki að fullu lokið þótt það sjái fyrir endann á þeim að sögn Sigfúsar. „Vandamálið hjá okkur eins og víða annars staðar er að framkvæmdatíminn



Verið er að ljúka gagngerum breytingum á elsta húsnæði skólans en þær hafa staðið yfir í þrjú ár.

á sumrin er orðinn svo stuttur að ekki næst að framkvæma allt sem til stendur,“ útskýrir hann.

„Valið stóð um að skipta þessu upp í sex áfanga, og koma þá að þessu öllu afstöðnu, eða að þola að vera í frágangi fyrstu

dagana í skólabyrjun og fá þá vinnuaðstöðuna fyrir en ella. Í samráði við kennara var ákveðið að taka seinni valkostinn. Það er geysilega gaman að geta boðið upp á þessa vinnuaðstöðu.“

roald@frettabladid.is

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@unipras

Leysir af hólm K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,6 / Skurðd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvirkvæðsla fyrir: Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hli B&S

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K3600 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm


Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,3 cm.

DIMAS hand - kjarnabörvitar
DIMAS bringusagblíð
DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsögublíð
DIMAS kjarnabörstundur
DIMAS kjarnabör

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD
The smart way. **DIMAS**

Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur
Plastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

**STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT**

Lausar byggingalóðir á suðvesturhorninu

Grundvöllur þess að hægt sé að byggja sér hús er að hafa umráðarétt yfir lóð eða landi. Fréttablaðið kannaði lauslega hvað almenningi stæði til boða af lóðum á nokkrum þéttbýlis-svæðum á suðvesturhorninu.

GARÐABÆR

Af 140 lóðum í Akralandi í Garðabæ eru sex eða sjö eftir og verða til sölu hjá fasteignasölu Borgum. Þær sem seldar eru hafa flestar farið á 14 til 20 milljónir. Sama er uppi á teningnum í Urriðaholti. Þar eru fá-einar lóðir eftir undir einbýlishús. 500 fermetra lóðir kosta 18,9 milljónir fyrir utan gatnagerðargjöld og 794 fermetra lóðir 22 milljónir. Þær síðastnefndu eru fyrir allt að 730 fermetra byggingar.

MOSFELLSBÆR

Í Leirvogstungu eru um þessar mundir í boði 19 einbýlishúsaloðir, ein parhúsaloð og tvær raðhúsaloðir fyrir fimm íbúðir hvor. Einbýlishúsaloðirnar eru á bilinu 650-990 fermetrar og verðið er frá 13,9 milljónum til 18,9 milljóna með gatnagerðargjöldum. Parhúsaloðin er 1.202 fermetrar og verð hennar



Skipulag Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Þar eru í boði nítján einbýlishúsaloðir, ein parhúsaloð og tvær raðhúsaloðir fyrir fimm íbúðir hvor.

er 23,7 milljónir með gatnagerðargjöldum. Raðhúsaloðirnar tvær eru um 1.700 og 1.900 fermetrar og kosta 40,5 milljónir með gatnagerðargjöldum.

Í Helgafellslandi eru 60 lóðir á lausu undir einbýli, parhús og raðhús. Verðið á einbýlishúsaloðum er á bilinu 16,3 upp í 20 milljónir. Þær stærstu eru um 1.000 fermetrar.

AKRANES

Í Skógahverfi verða væntanlega auglýstar lóðir í næsta mánuði sem verða byggingarhæfar í júní 2008. Þar verða 85 íbúðir í sérbýli (einbýli, parhúsum og raðhúsum). Um verðið á lóðunum segir Þorvaldur Vestmann, sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs, að ekki sé tekið sérstakt gjald vegna sölu á byggingarrétti eins og tíðkist víða annars staðar. Því sé bara miðað við gatnagerðargjöldin en þau muni hækka um 25 prósent vegna einbýlis vegna breytinga á lögum en ekki vegna parhúsa og raðhúsa. Þá er það spurning úr hverju þau hækki og því svarar hann svo: „Gjöld í 1. áfanga Skógahverfis voru á bilinu 2,6 til 4,4 milljónir fyrir einbýlishús og 1,8 til 2,6 milljónir fyrir raðhús og parhús.“

HAFNARFJÖRÐUR

„Við erum væntanlega að fara að úthluta í nýju hverfi sem heitir Vellir 7. áfangi nú í október/nóvember,“ segir Jón Sigurðsson hjá skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar. „Það er nýbyggingarsvæði og liggur sunnan og vestan í Ásfjalli. Alls eru 440 íbúðir á svæðinu, þar af 129 í einbýli, 121 í par- og raðhúsum og 190 í fjölbýli. Miðað við gjaldskrá í dag er verð á einbýli, par- og raðhúsum frá 6 til 8 milljónir króna og miðast það við lóðarstærð. Hverfið er í skipulagsferli og er athugasemdafrestur við deiliskipulagstillöguna til 10. september.“

KÓPAVOGUR

„Við munum í þessum mánuði auglýsa lóðir undir einbýli, parhús og raðhús í Vatnsendahlíð, sem er svæði sem liggur innan við Þingahverfi við Elliðavatn. Það eru tæplega 200 í einbýli, 44 í parhúsum og 30 í raðhúsum,“ segir Geir Arnar Marelsson, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknideildar. „Verðið hefur ekki verið ákveðið en verður tekið fyrir í bæjarráði í vikunni og ég giska á að það verði 14-15 milljónir fyrir einbýlishúsaloðirnar.“

REYKJAVÍKURBORG

Í Reynisvatnsási verða 106 lóðir boðnar til sölu í þessum mánuði; um það bil 60 undir einbýlishús og 46 undir rað- og parhús. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig að söluverður staðið en í síðustu úthlutun lóða hjá Reykjavíkurborg, sem fram fór í júní í Úlfarsárdal, var fyrirkomulagið á þann veg að lóðaverðið var fast, kaupendur voru dregnir út og gátu valið sér lóð í þeirri röð sem þeir voru dregnir út.

REYKJANESBÆR

Sex lóðir eru til í Áshverfi og er verðið reiknað eftir fjölda rúmmetra sem byggt er, samkvæmt upplýsingum Einaris Júlíussonar byggingafulltrúa. Gatnagerðargjöld fyrir einbýli eru 3.520 kr./m³ og byggingarleyfis- og afgreiðslugjald 264 kr./m³.

SELTJARNARNES

Hjá Seltjarnarnesbæ eru engar lóðir á lausu fyrir einstaklinga og þær fáu sem óbyggt er á eru í eigu einstaklinga.

VOGAR

Engar lausar lóðir eins og er.

gun@frettabladid.is

Flytjum allar gerðir vinnuvéla

Fljót og góð þjónusta

KRÖKUR

DRÁTTARBÍLAR

Sími 564 3800
Dalvegi 24 201 Kópavogur Fax 564 3802

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir

Víðarhöfða 3 • Sími 577 5050

www.gluggasmidjan.is

Gallaðar nýbyggingar

Nokkuð hefur borið á því að undanförunu að meintir gallar finnist í nýbyggingum. Nýir eigendur leita þá réttar síns og segir Stefán Hrafn Stefánsson, hdl. og löggiltur fasteignasali á Stórborg fasteignasölu, að rétta leiðin sé að snúa sér fyrst til fasteignasölu sem sá um sölu eignarinnar.

„Algengasta og rétta leiðin að mínu mati ef einhver kaupir nýbyggingu sem reynist gölluð er að hafa samband við söluaðilana,“ segir Stefán Hrafn. „Við reynum síðan að miðla málum en byrjum á því að skoða meintan galla með kaupandanum til að vera upplýstir um málið,“ bætir hann við.

Stefán segir fasteignasalann þá boða til fundar með seljandanum og kaupandanum til að sjá hvort hægt sé að fá einhverjar útskýringar og hvort gera eigi við hluti sem eru í ólagi. „Við reynum að hafa milliöngu um slíkt samkomulag eða einhverjar leiðréttingar í formi afsláttar, viðgerða eða skaðabóta,“ segir Stefán.

„Oft ber seljanda og kaupanda ekki saman um umfang gallans og verðmætamat hans. Þá er komið að næsta skrefi sem er umfram okkur fasteignasalana því kalla þarf til matsmenn ef



Stefán Hrafn Stefánsson, hdl og löggiltur fasteignasali, segir rétt að kaupendur snúi sér til fasteignasalans ef meintur galli er í nýbyggingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ekki tekst að miðla málum áður,“ segir Stefán og bætir við að þá þurfi fólk að leita sér lögmanna- aðstoðar. „Lögmáðurinn hefur þá samband við fasteignasölu, seljandan og jafnvel lögmenn hans líka. Ef gallarnir eru slæmir kemur til þess að dómskveða þarf matsmenn og málaferli verða jafnvel í kjölfarið,“ segir Stefán og bendir á að verktakinn sem byggði húsið beri ábyrgð á eigninni í allt að fimm ár ef um neytendakaup sé að ræða.

sigidurh@frettabladid.is

Umhverfisvænn þakdúkur

Dúkkpak ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að leggja dúk á þök sem endanlega vatnsvörn.

„Við erum aðallega að setja dúk á flöt þök eða lítið hallandi, þó að í raun sé hægt að nota þakdúk á hvernig þök sem er,“ segir Stefán Hermannsson, húsasmíðameistari og starfsmaður hjá Dúkkpaki ehf.

Þakdúkur er í raun þakþéttifni eða þakklæðningarefni. Bárujárn má ekki nota ef þakhalli er undir fjórtán gráðum og þá er bæði verið að nota þakdúka eða gúmmíplastblöndu, tjörupappa og slíkt. Þakdúkur er mikið notaður í dag af því að byggingarstíllinn sem töluvert er byggt í er „fúnkís“-stíll þar sem eru slétt þök. Stefán segir að við lagningu dúksins sé einangrun lögð ofan á plötuna og síðan dúkurinn



Stefán Hermannsson húsasmíðameistari hefur lagt ófáan þakdúkinn fyrir fyrirtækið Dakþúk ehf.



Þakdúkur er lagður á flöt þök og þök sem hafa minni halla en fjórtán gráður.

ofan á einangrunina og það fergt með mól eða hellum sem halda dúknum niðri.

„Með dúknum er hægt að vatnsþétta óvanalegt byggingarlag og hefur þessi dúkahönnun reynst vel í ýmiss konar loftslagi og á margs konar byggingum. Dúkurinn hentar vel í viðhaldi og endurnýjun húsa og hefur góða endingu,“ segir Stefán.

Dúkkpak ehf. flytur inn þakdúk frá sænska fyrirtækinu Trelleborg AB, sem er leiðandi í náttúruvænum þaklausnum.

„Þessi þakdúkur er ekki úr neinum eitrefnum, öfugt við

PVC-dúka, og inniheldur engin mýkingarefni, sem felur í sér að dúkurinn harðnar ekki með árunum. Í þessum dúk eru engin eitrefni sem falla út og fara með vatninu í jarðveginn. Í dúknum eru engin plastesiser- eða halógenefni og það verða ekki til nein eitrefni við framleiðslu hans,“ segir Stefán, sem er umhugað um verndun umhverfisins.

Dúkurinn var til dæmis lagður á þjónustumiðstöðina í Sólheimum en þar var gerð krafa um umhverfisvænan dúk og þessi dúkur kom þá einn til greina.

hrefna@frettabladid.is

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn

Fjór hjólastýrður

Lyftigeta: 3.400 KG

Lyftihæð: 6.050 MM

Gafflar: 1.200 MM

Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ

LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is



Gunnhildur Gunnarsdóttir, sviðsstjóri þjónustuviðs lána hjá Íbúðalánasjóði, segir fólk fara mismunandi leiðir til að greiða fyrir nýbyggingar og lóðir.

Lán fæst við fokheldi

Það getur verið gríðarlega dýrt að ráðast í húsbyggingu upp á eigin spýtur og þá sér í lagi ef fólk er að borga af eldri eign á meðan nýtt hús er byggt. Gunnhildur Gunnarsdóttir, sviðsstjóri þjónustuviðs lána hjá Íbúðalánasjóði, segir fólk fara mismunandi leiðir til að greiða fyrir nýbyggingar.

„Það er ekki sérstaklega lánað fyrir lóðakaupum hjá Íbúðalánasjóði heldur lánunum við fyrst við fokheldi eigna,“ segir Gunnhildur og bætir því við að fólk geri þá greiðslumat og sækir um lán á netinu þegar nýbyggingin er orðin fokheld. „Fram að því fjármagnar fólk á annan hátt, ýmist með sparifé, að selja eignir, fá skammtímalán annars staðar eða jafnvel gjaldfrest á vinnu þeirra sem vinna við bygginguna,“ segir Gunnhildur.

„Oft er það tiltölulega stuttur tími sem það tekur að koma eignum í fokheld ástand en reyndar er það orðið nokkuð sjaldgæft að fólk byggi sjálft alveg frá grunni.“

Þegar húsið er orðið fokheld lánar Íbúðalánasjóður áttatíu prósent af byggingarkostnaði eignarinnar, sem er endurstofnverð eignarinnar

að viðbættu lóðarmati. „Síðan er hægt að fá viðbótarlán þegar eignin er tilbúin,“ segir Gunnhildur og bætir því við að hámarkslán gildi fyrir alla og sé átján milljónir. „Í þeim tilvikum þegar um er að ræða einbýlishús er þakin oftast náð við fokheldi. Eftir það verður fólk að leita annað.“

Spurð hvort einhver frestur sé fram að fyrstu greiðslu á lánunum þegar fólk er að byggja sjálft, segir Gunnhildur: „Nei, það er alveg staðlað og bundið í reglugerðum að gjald dagi er rúmum mánuði eftir að lánið er afgreitt. Það er vissulega erfitt að vera bæði að kaupa og byggja þegar fólk er ekki búíð að selja eldri eignina en það er allur gangur á því hvernig fólk ber sig að við þetta. Þeir sem þess þurfa eru búnir að selja fyrri eignir og eru þá ýmist í leiguhúsnæði eða inni á ættingjum meðan á þessu tímabili stendur.“

Gunnhildur segir að þegar fólk byggi sjálft frá grunni séu það yfirleitt stærri eignir og því frekar aðilar sem hafa rýmri fjárráð. „Það þarf talsverða greiðslugetu og fjárráð til að byggja einbýlishús,“ segir Gunnhildur.

sigidurh@frettabladid.is

Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK 
– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapól

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol



Söluaðilar um allt land



KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

hafa stuðningsnet í vinnunni. Þetta segja þeir stytta verulega aðlögunartíma og fólk geti fyrr farið að einbeita sér að vinnunni. Slíkt stuðningsnet virðist vera til staðar á flestum vinnustöðum, þótt það sé víðast óformlegt. Þá nefndu þeir að markviss aðstoð við að byggja upp eigið tengslanet myndi nýtast vel.

FÁIR HVATAR TIL Á ÍSLANDI

Rannsóknin á líðan erlendra sérfræðinga á Íslandi var unnin að frumkvæði Fjárfestingarstofunnar. Hún gegnir því hlutverki að aðstoða erlend fyrirtæki sem hafa áhuga á að koma á fót starfsemi hér á landi. Þórður Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingarstofu, segir það verða æ algengara að hér á landi sé einfaldlega ekki fólk á lausu til að sú starfsemi sem þessi fyrirtæki vilji koma á fót verði rétt mönnum. Þá sé eina ráðið að flytja inn fólk. „Oft fáum við spurningar um hvernig aðstæður eru fyrir erlenda sérfræðinga hér á landi. Við getum bent á að við séum aðilar að EES og því sé frítt flæði vinnuafli á milli landanna. En það er ansi fátt annað sem við getum bent á sem gert er hér á landi til að laða að erlenda sérfræðinga. Annars staðar eru þeim veittir skattafrádrættir, tungumálakennsla við hæfi og önnur fríðindi. Við höfum séð að það er þörf fyrir meira en gott samkeppnisumhverfi og spennandi þjóðfélag til að fólk rífi sig upp með rótum. Það er því vaxandi þörf til að viðurkenna þennan hóp og fara að hlúa betur að honum. Þetta eru toppríkisborgarar; fólk sem íslenskt þjóðfélag hagnast á að laða hingað. Það kemur ekki af sjálfu sér. Það lítur á heiminn allan sem sitt vinnusvæði og fer þangað sem bestu tækifærin bjóðast.“

FORSENDA SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS

Það er einnig hlutverk Fjárfestingarstofunnar að vera stjórnvöldum ráðgjafi um hvað betur megi fara í sambandi við samkeppnishæfni Íslands. „Við teljum að erlendir sérfræðingar séu einn lykhillinn að því að auka samkeppnishæfni landsins. Nýjar atvinnugreinar á Íslandi byggja á mikilli og sérhæfðri þekkingu frekar en vinnuafli. Við teljum að stjórnvöld þurfi að huga markviss að því hvernig megi tryggja þessum fyrirtækjum að nægur mannaflí verði tiltækur hér.“

Nokkur hundruð erlendra sérfræðinga eru við störf á Íslandi. Nákvæmar tölur um fjölda þeirra eru hins vegar ekki til. Lausleg könnun Fjárfestingarstofunnar, þar sem haft var samband við fimmtán þekkingarfyrirtæki, sýndi að níu þeirra höfðu erlenda sérfræðinga við störf. Öll höfðu fyrirtækin þörf fyrir nokkra tugi til viðbótar strax og kvörtuðu undan því að of langan tíma tæki að fá þá til starfa. „Enginn greinarmunur er gerður á því fólk sem sækir um landvistarleyfi utan EES-svæðisins. Allir fá sömu meðhöndlun, óháð því á hvaða forsendum þeir sækja um landvistarleyfi. Okkar litli vinnumarkaður kallar á að við lítum út fyrir landsteinana, ekki bara til að nálgast erlent vinnuafli heldur ekki síður hámenntað fólk. Þær vaxtargreinar sem

hafa rutt sér til rúms á Íslandi eru í eðli sínu alþjóðlegar. Þar af leiðandi erum við ekki staðbundin þegar kemur að uppruna vinnuafli, þekkingar eða markaða.“

Þórður bendir á að í samanburði við ýmis önnur lönd sé bein erlend fjárfesting tiltölulega lítil í öðrum greinum en stóriðju hér á landi. Með því að virkja erlenda fjárfestingu megi byggja ýmsa starfsemi upp hratt án þess að þurfa að byrja á grunninum. Á sama hátt geti fjárfesting skapað möguleika á landsbyggðinni og sé þar af leiðandi ein fljótlegasta mótvægisáðgerðin sem fær er til að laða fyrirtæki inn á ákveðin atvinnusvæði. „Meiri erlendri fjárfestingu fylgja fleiri erlendir sérfræðingar. Það er því nauðsynlegt að skapa strax góðar aðstæður fyrir þá.“

HÁSKÓLARNIR SPILA STÓRT HLUTVERK

Að auðvelda erlendum sérfræðingum að koma til starfa á Íslandi snertir öllum svið þjóðfélagsins. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, benti á þetta á morgunverðarfundi Fjárfestingarstofu og Útflutningsráðs í gær, þar sem málefni erlendra sérfræðinga voru rædd. „Þekkingarfyrirtæki þurfa stuðning stjórnvalda til að fá inn til landsins nýja þekkingu með ráðningu erlendra sérfræðinga. Sé litið á háskólana er flæði nemenda mjög auðvelt á milli landa. Flæði kennara er það hins vegar ekki.“ Hún nefnir dæmi um kennara sem HR er að fá til liðs við sig um þessar mundir. Fjölskylda hans geti ekki komið til Íslands fyrr en eftir tólf mánuði. „Hindranir á borð við þessa gera íslenskum fyrirtækjum erfitt um vik að laða til sín erlenda sérfræðinga,“ segir Svafa.

Ekki er síður nauðsynlegt að tryggja að íslenskt starfsumhverfi standist fullkomlega alþjóðlegan samanburð svo að íslenskir sérfræðingar flýi ekki annað. Svafa segir að þekkingartap sé enn ekki orðið vandamál á Íslandi, enda hafi hingað til langflestir Íslendingar sem stundað hafi nám erlendis snúið aftur. Hins vegar sé ekkert sem segi að þetta verði viðvarandi ástand. „Við tökum eftir því að þeir sem eru að útskrifast úr háskóla núna líta á sig sem Evrópubúa ekkert síður en Reykvíkinga. Það er ekkert gefið að það sem er núna verði eftir tíu ár, nema við sköpum réttu skilyrðin.“

Háskólinn í Reykjavík hefur háleit markmið um stöðu sína í háskólaflóru heimsins á næstu árum. Til þess að markmiðin náist er nauðsynlegt að aðgengi fræðimanna að Íslandi verði auðveldað. „Við ætlum að nýta strategíska legu Íslands á milli austurs og vesturs til að raða saman því sem best gerist hér á landi og því besta sem gerist í Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum. Með þessu erum við að fylgja fordæmi annarra jadarþjóða sem eru að berjast í bökum við að halda í sitt fólk. Til þess þurfum við greiðari aðgang að alþjóðlegum kennurum. Stjórnvöld hafa sýnt vilja til að vinna í þessum málum. Nú er það skólanna og fyrirtækjanna að skapa þann þrýsting sem þarf til að sýna fram á hvernig tækifærin yrðu nýtt ef vinnumarkaðurinn yrði opnaður erlendum sérfræðingum frekar.“



HELGI MÁR ÞÓRÐARSON Starfsmannastjóri CCP segir ferlið sem fylgir ráðningu starfsmanna utan EES-svæðisins flókið og tímafrekt. Hann er þó bjartsýnn á að breytingar séu í vendum.

MARKAÐURINN/VALLI

Erlendir sérfræðingar CCP nauðsynlegir

„Við erum að flytja sérfræðingana hingað til Íslands í bílförum,“ segir Helgi Már Þórðarson, starfsmannastjóri CCP, án þess að ýkja verulega. CCP kæmist ekki af öðru vísi en að ráða erlenda starfsmenn. Jafnvel þegar auglýst er hér á landi sækja fáir með réttu reynsluna og menntunina um. Því hefur félagið atvinnumiðlanir á sínum snærum erlendis til að leita að rétta fólkinu. „Við þurfum gróðarlega mikið af fólki sem hefur mikla reynslu. Þetta fólk er ekki alltaf til hér á landi,“ segir Helgi.

Það var upp úr árinu 2004 sem CCP fór markviss að leita út fyrir landsteinana eftir sérfræðingum. Félagið er sprottið upp úr hugbúnaðarfyrirtækinu Oz. Hjá því starfa því margir fyrrum Oz-arar, bæði íslenskir og erlendir. Margir þeirra fóru þó úr landi um aldamótin þegar netbólan sprakk. Undanfarið hafa þeir margir hins vegar snúið aftur því nú finna þeir störf við sitt hæfi hjá CCP.

Hjá CCP hefur um nokkurt skeið verið nokkurs konar lærlingaprógramm í gangi. Í tengslum við það koma margir sérfræðinganna hingað. „Við höfum mjög greiðan aðgang að fólki víða um heim sem er tilbúið að vinna sem sjálfbodaliðar, til dæmis við að prófa tölvuleikinn og leita að villum í honum. Þetta eru um tvö til þrjú hundruð manns. Af þessu fólki veljum við reglulega þau bestu og bjóðum þeim



ALEXANDER PICCHIETTI Að mati Alexanders var fremur auðvelt að flytja til Íslands og hefja hér störf. Hann þekkir vel mörg þeirra atriða sem talin eru til galla á íslenskum vinnumarkaði. Hann lítur þó frekar á þau sem kosti.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

ist sem fólk móðgisti þó við þetta hérna,“ segir Alexander. Flestar af hinum neikvæðari staðhæfingunum sem komu fram í könnuninni segist Alexander skilja. Hann líti

að koma til Íslands og vinna hér í þrjú til sex mánuði. Ef þau standa sig vel bjóðum við þeim fullt starf.“ Helgi segir CCP sjá um að útvega starfsfólkinu það sem þurfi, þar á meðal kennitölu, bankareikning og skattkort, auk allra leyfa og húsnæðis. „Við leggjum mikið upp úr því að sjá um fólkið frá A til Ö. Hér á staðnum getur það nálgast lækni, nuddara, hjúkrunarkonu og hárgreiðslukonu.“

Helgi segir töluvert umstang fylgja því að útvega allt það sem erlenda starfsmenn kunni að skorta. Það hefur tekið CCP um sex mánuði að fá atvinnu- og dvalarleyfi fyrir starfsmenn utan EES og hefur það verið fyrirtækinu til ama. Helgi er hins vegar bjartsýnn á að breytinga sé að vænta. „Við höfum átt mjög gott samstarf bæði við Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun. Allir eru sammála um að það sé nauðsynlegt að einfalda kerfið og það er allt á réttri leið.“

Erlendir sérfræðingar sem starfa hjá CCP eru frá rúmlega tuttugu löndum. Flestir þeirra eru frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins en margir þeirra koma frá Bandaríkjunum og Asíu. Í heildina eru færri Íslendingar en útlendingar við störf hjá fyrirtækinu. Það hlutfall er enn að skekkjast því nú stendur yfir ráðning hundrað manns í Bandaríkjunum og yfir tuttugu í Kína. Helgi telur fjölda starfsmanna á Íslandi verða kominn yfir tvö hundruð í lok þessa árs. Ekki er því útlit fyrir að straumur erlendra sérfræðinga til Íslands á vegum CCP minnki í nánustu framtíð.

Gallarnir eru kostir

Bandaríkjamadurinn Alexander Picchietti hefur verið búsettur á Íslandi ásamt fjölskyldu sinni í rúmt ár. Þar sem rætur hans eru ítalskar hefur hann evrópskt vegabréf. Hann þurfti því ekki að fara í gegnum það langa ferli að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi sem fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins þarf að gera. Alexander er giftur Sif Ríkhardsdóttur. Þau hjónin bjuggu í Bandaríkjunum frá því þau kynntust árið 1996 og eignuðust þar fyrstu börnin sín tvö. Hugur þeirra stóð þó alltaf til að börnin fengju íslenskt uppeldi. Því var í fyrria tekin ákvörðun um að flytja hingað til lands, þar sem nýverið bættist svo eitt barn í hópinn.

Þegar ákvörðunin um að flytja hafði verið tekin fór Alexander á stúfana á

íslenskum vinnumarkaði. Hann hafði umtalsverða reynslu af störfum í fjarskiptageiranum og var því fljótt kominn inn hjá Símanum sem sérfræðingur á þróunarsviði. Í dag gegnir hann stöðu forstöðumanns viðskiptaþróunar og erlendra markaða. Alexander segir ferlið að flytjast til Ísland hafa verið auðvelt, þótt það hafi ekki gengið alveg snurðulaust fyrir sig. „Þetta var að mörgu leyti auðveldara fyrir mig en aðra þar sem ég á íslenska konu og hennar fjölskyldu til að styðjast við. Ferlið var hins vegar ekki fullkomlega gegnsætt. Á sumum stigum umsóknarferlisins hefði verið hjálplegt að fá nákvæmari leiðbeiningar um hvert þarf að snúa sér í ákveðnum málum. Að flytja var því lengra og flóknara ferli en við áttum von á, í ljósi smæðar landsins.“

Alexander er sammála mörgum þeim staðhæfingum sem komu fram í rýnihópkönnun Capacent. Til dæmis sé tiltölulega auðvelt að fara hratt áfram í starfi hérna og tækifærin til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd meiri en víðast hvar annars staðar. Þá þykir honum starfsumhverfið hér mjög sveigjanlegt og hlutirnir gerast hratt. Það kunni hann vel að meta, þótt það geti haft sínar slæmu hliðar líka.

Rýnihópakönnunin dró fram ýmsar dekkri hliðar á íslensku starfsumhverfi. Meðal annars kom fram að uppbyggilegri gagnrýni væri jafnan tekið sem móðgun hér á landi. „Fyrir mér er eðlilegt að tala um það þegar hlutirnir eru gerðir á rangan hátt. Það er bara leið til réttar niðurstöðu. Stundum virð-

hins vegar ekki á þau atriði sem vandamál. Nefnt hafi verið að tækifæri fólks séu ekki jöfn hér og sambönd hafi meira vægi en hæfileikar og menntun. Hann er ósammála því. „Tengslanetið er vissulega mikilvægt hér. En tækifærin opnast manni hvort sem maður hefur það eða ekki. Ég hef fengið mörg góð tækifæri hér á síðasta ári, þótt ég hafi ekki verið í Versló.“ Að mati Alexanders er það líka frekar kostur en galli að íslensk viðskiptamenning sé fremur hörð. Þá þykir honum agaleysið í mörgum tilfellum geta talist til kosta. Eðlilega sé ekki þörf fyrir eins mikinn aga hér á landi og í stærri löndum. „Það eru færri reglur hérna. Það gefur fólki frelsi til að hugsa og koma hugmyndum sínum hratt í framkvæmd, þótt stundum skorti á almennar reglur.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Ný skref tekin í átt að evrunni.

Fyrstu hlutabréfin verða skráð í evru

Hafliði Helgason

Stjórn Straums-Burðaráss hefur samþykkt að skrá bréf félagsins í evrum. Þar með er hafin þróun sem verður áberandi á næstunni, að sífellt fleiri fyrirtæki skrái hlutabréf sín í evrum.

Straumur-Burðarás reid einnig á vaðið þegar bankinn varð fyrstur íslenskra banka til að færa eigið fé og uppgjör í evrum. Sú breyting olli nokkurri þykkju og varð afleiðingin sú að fjármálaráðuneytið fór á taugum og setti reglugerð um uppgjör fyrirtækja sem er til trafala eðlilegri framþróun viðskipta á landinu. Hún gengur einnig þvert á þá hugmynd sem ætti að vera hægrímönnum töm; að best sé að fyrirtækin ráði sjálf sínum ráðum, þegar ekki verður séð að það stangist á við hagsmuni almennings. Engir slíkir hagsmunir eru í húfi og fjármálaráðherra ætti að snúa frá villunni og setja nýja reglugerð með rýmri túlkun um uppgjör í erlendum myntum.

Uppgjör og eigið fé í erlendri mynt hefur sáralítill áhrif á krónuna, ef fólk er annst um að verja hana. Öðru máli gegnir um skráningu hlutabréfa í evrum. Þar verður fróðlegt að fylgjast með því hvort ekki hverfi örökréttar sveiflur á gengi bréfa í Kauphöllinni, þar sem greina hefur mátt fylgni í veikingu krónunnar og lækkun hlutabréfa. Þetta samspil hefur ýkt óþarflega sveiflur á markaði og sennilega valdið búsifjum hjá smærri skammtímafjárfestum. Stórir fagfjárfestar hafa getað nýtt sér þetta á móti til að gera góð kaup í stærstu félögum sem hafa lækkað snögglega vegna gengisbreytingar.

Slíkar sveiflur hafa eins og ávallt sett krónuna í brennidepil. Spurningin um framtíðarmynt þjóðarinnar er aðkallandi. Það er mikilvægt að átta sig á því að evra væri engin lausn á núverandi þenslu og hættunni sem af henni stafar. Spurningin snýst um hagsmuni þjóðarinnar til lengri framtíðar. Þar á krónan líklega litla möguleika og hafa sífellt fleiri áttað sig á þeirri stöðu.

Menntun og almenn samkeppnishæfni verða lykilatriði í að skapa viðunandi lífskjör til framtíðar. Höft og kostnaður eru þættir sem vinna gegn samkeppnishæfni þjóðarinnar í alþjóðavæddu viðskiptaumhverfi. Krónan er slík hindrun og kostnaður. Hvert það skref sem ryður slíkum hindrunum úr vegi, eykur líkur á frjálsri erlendri fjárfestingu í landinu og fjölgar þar með stöðum hagkerfisins. Uppgjör í evrum og skráning hlutabréfa í þeirri mynt eru slík skref og þeim ber því að fagna.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

MARKAÐURINN

Einfalt mál

Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga



Stóri markaðsbresturinn!

ORD Í BELG

Kristján Vigfússon,
aðjúnt við Háskólann í Reykjavík.

Ef loftlagsbreytingar af manna-völdum og þar með hlýnun jarðar eru staðreynd eins og flest bendir til þá er ljóst að mannkyninu og ekki síst komandi kynslóðum er nokkur vandi á höndum.

Hlýnun jarðar frá iðnbyltingu er um það bil 0,6 gráður. Flestir vísindamenn eru sammála um að hækkun hitastigs umfram 2 gráður til viðbótar muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir mannkynið og vistkerfi jarðarinnar. Aðgerðir og athafnir Sameinuðu þjóðanna hafa miðast við að dregið verði svo úr útstreymi að hlýnun jarðar fari ekki yfir 2 gráður.

ÁVÍSANIR Á AÐGERÐIR

Orkuþörf og brennsla jarðefnaeldsneytis vegna mannfjölgunar og ákalli alls mannkyns eftir auknum lífsgæðum eykst ár frá ári. Lausnir á loftlagsvandnum eru því ekki í auglýsingu og hefur verið talað um þennan vanda sem stærsta markaðsbrest sögunnar.

Það sem er ólíkt með þessum vanda og ýmsum þekktum dæmum úr sögunni er að hér er um að ræða vanda þar sem hugsanlegar afleiðingar munu snerta allt mannkyn. Fram til þessa hafa vestræn samfélög fyrst og fremst treyst á að hin ósýnilega hönd markaðarins leiði samfélagið til bestu niðurstöðu. Markaðnum er þó vorkunn þar sem vandinn er ekki enn vel skilgreindur og eignaréttur er ekki fyrir hendi. Stjórnvöld eru sem sagt enn að átta sig á fyrirbærinu og eru meira í að ræða vandan en að taka ákvarðanir um aðgerðir þó á því séu nokkrar undantekningar. Flestar stefnu-yfirlýsingar stjórnvalda víðs vegar um heiminn að undanförmu eru fyrst og fremst ávísun á aðgerðir í framtíðinni. Aðgerðir einstakra fyrirtækja fram til þessa hafa ennfremur meira snúist um ímynd en raunverulegar aðgerðir.

Vandamálið er margbrotið í eðli sínu og lausn þess krefst þátttöku allra, ekki bara Evrópu-sambandsins og Kaliforníu sem

lengst hafa gengið í að grípa til aðgerða, heldur líka og ekki síst Bandaríkja, Kína og Indlands. Tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að ná öllum þjóðum saman til að vinna að lausninni í gegnum Kyoto-sáttmálann hafa ekki gengið eftir fram til þessa.

Lausnin krefst langtíma-stefnumótunar og langtíma-hugsunar hjá stjórnvöldum og fyrirtækjum því það tekur flestar gróðurhúsalofttegundir langan tíma að eyðast í gufuhvolfinu. Vandamálið er þannig vaxið að gjörðir okkar nú hafa ekki áhrif fyrr en síðar og þó við lifum við ásættanleg skilyrði í dag þá er ekki víst að komandi kynslóðir geri það.

ÚTSTREYMI ER MIKID HÉR

Sanngirni og réttlæti þurfa ennfremur að vera í hávegum höfð ef finna á lausn með þátttöku allra því fyrirtæki og einstaklingar í Evrópu og sérstaklega Bandaríkjunum hafa skapað vandann, en Bandaríkjamenn eiga stóran hluta alls útstreymis frá iðnbyltingu. Að sama skapi hafa ríki Asíu og Suður-Ameríku lítið sem ekkert lagt til hans fyrr en allra síðustu ár. Ekki þarf að fjölýrða um hlut Afríku sem er nánast enginn.

Til að nefna nokkur dæmi þá er útstreymi á hvern Kínverja í dag u.þ.b. 2,7 tonn, á hvern Bandaríkjamann um 20 tonn, hver Breti er með 9,5 tonn, hver íbúi Bangladesh er með 0,24 tonn og hver íbúi Eþíópíu 0,06 tonn og hver Íslendingur er með rúm 9 tonn. Sérstaka athygli vekur hátt útstreymi á hvern Íslending þrátt fyrir að Íslendingar búi svo vel að eiga gnótt endurnýjanlegra

náttúruauðlinda umfram aðrar þjóðir en 99 prósent af rafmagnsframleiðslu og 70 prósent af heildarorku framleiðslu eru með notkun jarðvarma og vatnsorku.

Að því gefnu að ekki komi fram tæknilegar lausnir á næstu árum sem gera okkur kleift að draga verulega úr útstreymi þá munu þeir sem menga hvað mest þurfa breyta sínum lífsháttum, keyra minna, draga úr flugferðum og draga almennt þí sinni orkunotkun. Mörgum mun finnast það óþægileg tilhugsun.

STEFNUMIÐ TIL 2050

Vinsælustu hagstjórnartæki stjórnmalamanna til að berja í markaðsbresti hafa verið niðurgreiðslur, skattar, leyfi með eða án framsals, notendagjöld og staðlar. Allar þessar aðferðir hafa sína kosti og galla og nýtast misvel. Það er því mikilvægt að stjórnvöld og atvinnulífið fari að huga alvarlega að kostum og göllum á þeim hagrænu lausnum sem grípa þarf til á næstu árum og áratugum til að leysa vandan og til að koma til móts við alþjóðasamþykktir.

Þegar hafa íslensk stjórnvöld sett sér stefnumarkmið til ársins 2050 um að draga úr losun um 50-75 prósent. Um er að ræða háleitt markmið sem ná langt fram í framtíðina. Í þessu samhengi hafa stjórnvöld þegar óskað eftir umsóknum fyrirtækja um útstreymiskvóta. Í framhaldi af því munu væntanlega verður þeim fyrirtækjum sem menga mest í dag úthlutað leyfi til útstreymis og fara langt með að fylla kvóta Íslendinga samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Val á aðferðum og hagrænum hvötum verður að taka mið af markmiðum stjórnvalda og þess vegna þurfa markmið stjórnvalda að vera skýr. Það er ekki langt frá því að vera sjálfgefið að þær ákvarðanir sem teknar verða af stjórnvöldum leiði til bestu niðurstöðu. Þetta er sagt til að vekja menn til umhugsunar um að þær leiðir sem valdar verða munu hafa áhrif um allt samfélagið.

OPÍÐ BRÉF

Í tilefni af leiðara Markaðarins

Ágæti ritstjóri, í leiðara þínum í Markaðinum þann 29. ágúst sl. er sala Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. („Straums“) á eigin hlutabréfum fyrr í þessum mánuði gerð að umtalsefni. Er látið að því liggja að Straumur hafi ekki vandað nægilega til verka og sinnt skyldum sínum um gagnsæi á markaði við sölu umræddra bréfa. Vilji Straumur njóta trúverðuleika á markaði hafi félagið enn tækifæri til að tefla fram nafni og kennitölu þeirra fjárfesta sem keyptu bréfin. Af þessu tilefni þykir rétt að minna á að í umræðu um söluna hefur ítrekað komið fram að mótaðili Straums í viðskiptunum hafi verið Landsbankinn í Lúxemborg. Jafnframt liggur fyrir að hlutabréfin eru varðveitt á safnreikningi þess banka en að baki kaupunum standi erlendir fjárfestar. Skal á það bent að slík skráning hvílir á gildum rökum og er hún sérstaklega heimilud í íslenski lög-gjöf sem og víða annars staðar. Straumur er fjármálafyrirtæki og leggur ríka áherslu á trúnað í

öllum sínum viðskiptum og samskiptum. Það er ekki í valdi félagsins að hlutast til um opinbera birtingu á nöfnum þeirra fjárfesta sem í hlut eiga. Þessir fjárfestar hafa sjálfir kosið, og er það heimilt að lögum, að halda nöfnum sínum utan þess sem opinbert er. Er það mat Straums að með því að gefa upp nöfn kaupendanna væri vegið að trausti í samskiptum félagsins við hluthafa og fjárfesta. Á íslenskum verðbréfamarkaði gilda ákveðnar reglur um eignarhald að hlutafé í kauphallarskráðum fjármálafyrirtækjum. Má þar nefna áskilnað um sérstaka heimild til að fara með virka eignarhluti og skyldu til að tilkynna það opinberlega fari hlutafjäreign upp fyrir eða niður fyrir verulegan eignarhlut. Upplýsingaskyldan hvílir á hluthöfunum sjálfum en ekki þeim félögum sem þeir fjárfesta í. Hluthafar geta ekki komist hjá upplýsingaskyldu með því að skýla sér á bak við safnreikning fjármálafyrirtækja. Eftirlit með reglum þessum er einkum

í höndum Fjármálaeftirlitsins en jafnframt hefur Kauphöllin þar hlutverki að gegna. Ströng viðurlög liggja við brotum gegn reglunum. Fjármálaeftirlitið óskaði með bréfi, dags. 21. ágúst, eftir því að Straumur upplýsti um kaupanda eða kaupendur hlutanna auk upplýsinga um milligönguáðila í umræddum viðskiptunum. Því bréfi var svarað með bréfi, dags. 22. sama mánaðar. Í samskiptum Straums við Fjármálaeftirlitið vegna þessa máls hefur ekkert komið fram sem bendir til að eftirlitið telji að Straumur hafi brotið gegn skyldum sínum á markaði. Staðreynd málsins er sú að aðgerðir stjórnenda Straums við umrædda sölu eru fyllilega í samræmi við þau lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði og hafa aðeins miðað að því að tryggja hagsmuni allra hluthafa bankans til lengri tíma. Virðingarfyllst,

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.
William M.N. Fall
forstjóri

STARFSMANNAMÁL

Öðruvísi ferilskrá

Ein af algengustu aðferðum við val starfsmanna er að skoða ferilskrá þeirra. Ferilskrá segir frá reynslu viðkomandi á vinnumarkaði, menntun hans og vinnusögu. Það fer eftir eðli starfsins hversu margar umsóknir með ferilskrám berast til vinnuveitanda og það er í hlutverki vinnuveitanda að vinna úr umsóknum og minnka hópinn eins og unnt er.

Þar sem ferilskrá er oft fyrsta skref umsækjanda að viðtali er hún skoðuð gaumgæfilega. Þá þarf að hafa í huga að framsetning sé þægileg til lestrar (ágæt viðmiðun tvær bls.). Stafsetningu þarf að yfirfara og athuga að tímaröð sé þannig að núverandi starf sé tilgreint efst og elstu upplýsingar neðst, sama á við um nám. Gráðu sem síðast var lokið er komið fyrir efst, sú elsta er sett neðst.

GERÐ FERILSKRÁR Í FORMI MYNDBANDS

Sumir segja að myndir segi meira en þúsund orð, sérstaklega þeir sem aðhyllast nýjustu aðferðir í Evrópu sem felast í gerð ferilskrár í formi myndbands. Þar segir umsækjandi frá sjálfum sér á myndbandi sem sent er til vinnuveitanda. Hann segir frá námi og reynslu og útlistar hvernig starfi hann leiti að og e.t.v hvernig vinnustað.

SPÁKAUPMAÐURINN

Lesið í garnir markaðar

Maður væri nú sennilega ekki að fást við það sem maður fæst við, ef ekki væri vegna þess að maður er vel læs á atburði líðandi stunda og auk þess spámannlega vaxinn.

Haustið er tími uppskerunnar og þó að kvartöflubændur horfi stúrnir á fallin grösín, þá stend ég keikur eftir sumarið. Miklar sveiflur eins og í sumar eru draumur í dós hjá þeim sem kunna að lesa rétt í þær.

Nú er hins vegar sláturtíð og því vert að kíkja í kindagarnirnar og spá fyrir veturinn. Ég er viss um að það fer að draga til tíðinda í hluthafahópi TM, en ég reyndar spáði Gnúpi þar inn fyrir nokkru. FL Group og Gnúpur eru skammt undan í hræringunum þar. Ég held að Marel muni kaupa matvælahluta Stork. Mér sýnist að þar á bæ hafi verið unnið afar markvisst og skynsamlega, sem ég held að skili sér í fullnaðarsigri.

Icelandair er komið með nýjan leiðtoga. Það tóku reyndar afar fáir eftir því að Karl Wernersson er skyndilega orðinn lykilmaðurinn í því fyrirtæki. Hann mun taka á rekstrinum þar og líklegt að breytingar verði í yfirstjórn fyrirtækisins.

Landsbankinn mun kaupa írsku bankann fljótlega og halda áfram að stækka. Ég sé líka Hreiðar Má í „lederhosen“ og með Týrólahatt. Ég held að það tákni innlána-banka í Austurríki eða Þýskalandi. Ekki neinn risa, en enn eitt skref á nýjan og spennandi markað.

Eitthvað fleira? Jú, ég sé hraða og spennu í Actavis, þar er ungur maður á mótörhjól, en ég sé ekki hvort hann er að koma eða fara.

Annars býst ég við að það snjóí eitthvað í vetur og jólin verði í desember. Svo bíð ég bara eftir að taka við af völvu Víkunnar.

Spákaupmaðurinn á horninu

Minnst er á kúrsa og námskeið sem hafa verið stunduð eða verið er að stunda og ef lítil starfsreynsla er fyrir hendi er hægt að leggja meiri áherslu á menntun og persónulegan árangur.

Ef umsækjandi talar fleiri en eitt tungumál er ekki úr vegi að sýna þá kunnáttu. Aðalatriðið er bara að vera eðlilegur og jákvæður og hafa myndina stutta en hnitmiðaða. Þeir sem aðhyllast þessa aðferð segja hana leiða til árangurs og gera umsækjendum kleift að sýna hvað í þeim býr. Umsækjendur geti sýnt samskiptahæfni og persónueinkenni sem annars sé erfitt að greina á starfsferilskrá. Fylgjendur

aðferðarinnar segja að um sex-tíu sekúndna myndband sé nóg, það þurfi ekki að vera lengra.

DANSAD, SKÍÐAÐ OG LYFT LÓÐUM

Mikið hefur verið rætt um of löng myndbönd og of flókin í þessu sambandi. Þá er gjarnan tekið dæmi af Aleksey nokkrum sem gerði sex mínútna kynningarmyndband um sjálfan sig á youtube þar sem hann dansar, spilar tennis, lyftir lóðum og rennir sér á skíðum í mjög svo ígrundaðri kynningu á sjálfum sér. Slík kynning gæti verið dæmi um að ofgera myndbandið og er alls ekki ætlunin.

Það er allt í lagi að vera frumlegur en umfram allt eðlilegur í slíkri upptöku. Nóg er til af ágætis sýnishornum á youtube sem venjulega kallast „video resume/cv“.

Það sem helst hefur verið talið upptökunum til foráttu er að þær brjóta í bága við lög sem snúa að persónuvernd umsækjenda. Viðast hvar í heiminum þurfa umsækjendur ekki að senda mynd með umsókn og þurfa ekki að greina frá aldri eða kynþætti á umsóknareyðublöðum (þessi regla er mjög víða brotin). Hættan á því að nota myndbönd getur því m.a. verið sú að atvinnurekendur velji aðeins starfsfólk sem líkist

bestu starfsmönnum sem fyrir eru eða velji starfsfólk sem er allt með svipuð persónueinkenni og framkomu. Þannig sé stuðlað að mismunun á vinnustað, sem í einhverjum tilfellum gæti leitt til lög-sóknar.

(Heimild: human-resources.about.com)

Sif Sigfúsdóttir
Markaðsstjóri
viðskipta- og
hagfræði-deildar
HI og stunda-
kennari við
HI.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE


TEKINN 2

HEFST 14. SEPTEMBER

HVAÐA STJÖRNUR FALLA Í GILDRU AUDDA?

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.

NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL
HEFST Á MIÐVIKUDAGINN



skemmtilegri



Greiða allan hagnaðinn út til hluthafa

Íslensk verðbréf er sérhæft eignastýringarfyrtæki sem er starfrækt á Akureyri og fagnar tuttugu ára afmæli um þessar mundir. Eggert Þór Adalsteinsson ræddi við Sævar Helgason, framkvæmdastjóra ÍV, sem segir markið sett á að eignir í stýringu fari yfir 100 milljarða á árinu.

Tuttugu ár eru liðin síðan Íslensk verðbréf hf. var stofnað á Akureyri. Stofnendur voru meðal annars Kaupþing og Akureyrarbær og kallaðist fyrirtækið upphaflega Kaupþing Norðurlands.

Þekktir bankamenn komu að uppbyggingu fyrirtækisins á fyrstu tíu árunum; þeirra á meðal voru Bjarni Ármannsson, Pétur Blöndal, Sigurður Einarsson og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson. Árið 1999 urðu breytingar á eigendahópi félagsins þegar Sparisjóður Norðlendinga og fleiri sparisjóðir eignuðust meirihluta í félaginu og var tengslunum við Kaupþing þá slitið. Sævar Helgason var ráðinn framkvæmdastjóri og nafni félagsins breytt í Íslensk verðbréf í kjölfarið.

Um aldamótin var jafnframt mörkuð sú stefna að félagið yrði fyrst og fremst sérhæft fjármálafyrirtæki á sviði eignastýringar. Sævar segir félagið ekki fjárfesta í einstökum verðbréfum fyrir eigin reikning og því þurfi viðskiptavinir ekki að hafa áhyggjur af hagsmunaaðrekstrum. „Viðskiptavinir meta það mikils að við fjárfestum ekki fyrir eigin reikning og gætum fyllsta hlutleysis í hvívetna. Með öðrum orðum geta þeir verið fullvissir um að félagið hafi hagsmuni þeirra að leiðarljósi.“

STUTTAR BOÐLEIÐIR

Stærstu viðskiptavinir ÍV eru fagfjárfestar á borð við lífeyrissjóði, fjármálastofnanir, sveitarfélög og stærri fyrirtæki. Einnig er mikill fjöldi einstaklinga í viðskiptum við félagið. „Við stefnum á að eignir í stýringu fari yfir 100 milljarða króna á árinu en þær stóðu í 93 milljörðum í lok júlí,“ segir Sævar.

Rekstur Íslenskra verðbréfa hefur gengið vel á síðustu árum og fyrirtækið vaxið hratt. Það var rekið með ríflega 190 milljóna króna hagnaði eftir skatt á fyrstu sex mánuðum ársins og Sævar vonast til að hagnaður ársins verði um 350 milljónir króna. Hann segir að árangur ÍV sé svipaður og á síðasta ári, sem var algert metár.

„Reynslanhefursýnt að það er greinilega pláss fyrir okkur á þessum markaði, vöxtur eigna í stýringu og mikil fjölgun viðskiptavina sýna eindregið fram á það. Við höfum lagt gríðarlega áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og ávöxtun á fjármunum viðskiptavina því öðruvísi lifum við ekki. Kannanir sem við höfum látið gera meðal fagfjárfesta sýna eindregið að þeir eru mjög ánægðir með þjónustuna. Við leggjum á það áherslu að svara erindum hratt, enda eru boðleiðir stuttar hjá fyrirtækinu. Þeir sem hafa komið með fjármuni til okkar hafa undantekningarlítið aukið við þá eftir því sem á hefur liðið.“

RÍFLEGAR AÐGREIÐSLUR

ÍV hefur haft þá stefnu undanfarin ár að greiða allan hagnað til hluthafa og allur hagnaður síðasta árs, um 400 milljónir króna, var greiddur út til eigenda. Sævar segir að fyrir vikið sé efnahagsreikningur félagsins léttur. Í lok sex mánaða uppgjörs voru eignir 1.250 milljónir, sem eru að stærstum hluta óuppgerð viðskipti frá deginum áður, og eigið fé stóð í 435 milljónum. „Rauneignir eru nánast engar að undanskilinni fasteigninni sem fyrirtækið er til húsa í og svo bindum við það eigið fé sem byggst



SÆVAR HELGASON OG ANNAÐ STARFSFÓLK ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA FAGNA 20 ÁRA AFMÆLI FÉLAGSINS UM ÞESSAR MUNDIR. Félagið fjárfestir ekki í verðbréfum fyrir eigin reikning og því þurfa viðskiptavinir ekki að hafa áhyggjur af hagsmunaaðrekstrum. MARKAÐURINN/KRISTINN GUNNARSSON

upp yfir árið í okkar verðbréfasjóðum, sömu sjóðum og kúnnarnir okkar fjárfesta meðal annars í.“

Sævar kannast ekki við að annað íslenskt fjármálafyrirtæki vinni eftir sama módeli, að greiða hagnaðinn út og stunda ekki viðskipti fyrir eigin reikning. „Við teljum að til langframa sé betra fyrir félagið að byggja sig þannig upp en að vera í stöðutökum þó það hefði sennilega gefið betur undanfarin ár,“ segir hann og brosir út í annað.

HUGSANLEGAR BREYTINGAR Á EIGENDAHÓPNUM

Nítján starfsmenn starfa hjá Íslenskum verðbréfum og hefur stór hluti þeirra

starfað lengi hjá félaginu, þar á meðal einn frá upphafi. Sævar segir að félaginu hafi haldist vel á starfsfólki og það sé án efa ein ástæðan fyrir góðum árangri félagsins. „Mannauðurinn er mikilvægasta eign félagsins.“ Spurður um framtíðina segist Sævar vera bjartsýnn. „Við eigum mikla möguleika á frekari vexti á sviði eignastýringar og reynum einnig að vera mjög duglegir í því að koma með nýjar vörur. Við erum í samstarfi við nánast alla stærstu lífeyrissjóði landsins og erum því með púlsinn á því eftir hverju þeir eru að leita.“ ÍV er einnig í góðu samstarfi við erlenda banka og eignastýringarfyrtæki til þess að stýra erlendum eignum viðskiptavinnanna, enda er það ekki sérgræin félagsins að stýra erlendum verðbréfum að sögn Sævars.

Þrettán hluthafar eru í eigendahópi Íslenskra verðbréfa, þar af átta sparissjóðir. Sparissjóður Norðlendinga fer með fjórðungshlut, Lífeyrissjóður Norðurlands á fimmtán prósent en stærsti hluthafinn er Íslensk eignastýring, sem er í eigu Sævars og Ásgeirs Ásgeirssonar, með 35 prósent.

„Virk viðskipti eru ekki til staðar með hlutabréf í félaginu þar sem félagið er ekki skráð á opinberan verðbréfamarkað en margir aðilar hafa sýnt áhuga á því að koma að félaginu með einum eða öðrum hætti,“ segir Sævar. Það staðfesti starfsmenn í trúnni að félagið sé á réttri leið. Sævar segir að breytingar geti orðið á eigendahópnum ef viðræður milli Sparissjóðs Norðlendinga og Byrs sparissjóðs leiði til samruna sparissjóðanna.

BANDARÍKIN ERU NÆR EN ÞÚ HELDUR



www.dhl.is

Nú brúar DHL bilið til Bandaríkjanna. Með beinum og betri tengingum við þétrið flutningsnet DHL um gjörvöll Bandaríkin getum við afhent sendingar þínar til Bandaríkjanna næsta virka dag. 34.000 starfsmenn DHL í Bandaríkjunum eru til þjónustu reiðubúnir. Kynntu þér þjónustuna á www.dhl.is og prófaðu hana næsta virka dag.

DHL afhendir sendingar þínar til Bandaríkjanna næsta virka dag

DHL




512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu
30% afslátt af fyrsta mánuðinum



BOLTINN



SÝN2
enski boltinn

Nýr forstjóri stýrir fjöreggi Marel Food Systems

Sigsteinn P. Grétarsson hefur verið ráðinn forstjóri Marel ehf., einnar af fjórum meginstöðum Marel Food Systems. Forstjórinn segir þessa einingu fyrirtækisins fjöreggið sem hafi sinnt nýsköpun í matvælavinnslu frá fyrstu tíð. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson ræddi við Sigstein um starfið hjá Marel og þýðinguna sem samþætting og skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu fela í sér.

Það er mjög gaman að standa í þessu," segir Sigsteinn P. Grétarsson, nýráðinn forstjóri Marel ehf. Sigsteinn tók við stýrinu í sumar þegar tilkynnt var um skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu í kjölfar viðamikillar samþættingar á starfsemi fyrirtækisins vegna kaupa á breska matvælavinnslufyrirtækinu AEW Delford og danska félaginu Scanvaegt í fyrra. Í þeim tók Sigsteinn leiðandi þátt en Marel ehf., varð við þetta sjálfstæð eining innan samstæðu Marel Food Systems við hlið fyrirtækjanna beggja auk Carnitech og framleiðslufyrirtækis í Slóvakíu.

KYNNTIST KONUNNI Í ÞÝSKALANDI Sigsteinn útskrifaðist úr véla- verkfræði frá Bradley University í Bandaríkjunum árið 1990. Hann tók meistaraþráðu í sama fagi frá University of Illinois at Urbana-Champaign tveimur árum síðar. Að því loknu hóf hann störf hjá verkfræðistofu Hans Dönges í Þýskalandi. Hann vann að ráðgjafastörfum fyrir banka og fjármálfyrirtæki í

Frankfurt, þar á meðal nokkra af stærstu bönkum heims, JP Morgan og Morgan Stanley. Sigsteinn var í fimm ár í Þýskalandi, sem efalítið var góður tími því þar hitti hann verðandi eiginkonu sína sem þar starfaði á sama tíma hjá þýsku stórfyrirtæki sem framleiðir varahluta í bíla og fleira.

„En það er alltaf naflastrengur sem dregur mann heim aftur," segir Sigsteinn og á þar við að hann hafi snúið aftur til Íslands árið 1997. Hingað kominn hóf hann nær samstundis störf hjá Marel.

Sigsteinn hefur víða komið við innan veggja fyrirtækisins, meðal annars gegnt störfum verkefnastjóra, ráðgjafa og svæðissölustjóra, svo sem við markaðssetningu Marel í Bandaríkjunum á árabílinu 1997 til 1998 og í Evrópu næstu árin á eftir. Árið 2001 fluttist hann svo til Ástralíu og stofnaði þar dótturfélag Marel. Hann segir nokkuð erfitt að flytjast búferlum með fjölskylduna, konu og tvær dætur á leik- og grunnskólaaldri, ekki síst svona langt frá heimalandinu. „En það



SIGSTEINN P. GRÉTARSSON Nýráðinn forstjóri Marel ehf. hefur komið víða við innan fyrirtækisins. Hann segir vinnuna afar skemmtilega og starfsfólkið ekki síður.

sem skiptir máli fyrir fólk sem flytur á milli landa með börn

er fyrst og fremst að gera sér grein fyrir því út í hvað þau eru að fara, fyrsta árið er alltaf erfiðast," segir Sigsteinn sem var framkvæmdastjóri Marel í Ástralíu í fjögur ár.

Nýja-Sjáland, sem er á sama markaðssvæði og Ástralía í plöggum Marel Food Systems, er með stærstu útflytjendum á lambakjöti í heiminum. „Þeir ná að flytja út ferskt lambakjöt allt árið um kring og vilja ná hámarksnýtingu við framleiðsluna," segir Sigsteinn til að undirstrika mikilvægi landsins á matvælavinnsluvélarmarkaði. Marel hefur komið sér vel fyrir á þessu svæði en starfsmenn í Ástralíu er um 20 talsins og vermir annar Íslendingur stól Sigsteins þar í landi.

GOTT SAMSTARF VIÐ IÐNAÐINN

Þegar störfum Sigsteins lauk ytra sneri hann og eiginkona hans aftur til Íslands. Dæturnar voru þá orðnar þrjár og sú fjórða á leiðinni. Hann hóf störf hjá höfuðstöðvum fyrirtækisins hér og tók þar við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþrúnar sem sinnir erlendum mörkuðum. „Íslenskur iðnaður er mjög opinn fyrir nýjungum sem sést best á því að hann fjárfestir mikið í nýrri tækni til að ná fram hámarksnýtingu," segir Sigsteinn og bendir á að Marel hafi notið góðs af samstarfinu við íslensk fyrirtæki. Enda hafi það leitt af sér góða vöru sem hægt sé að selja til fleiri landa, svo sem til Nýja-Sjálands en þangað var sem dæmi seld fyrir nokkru stór flæðilína fyrir vinnslu á lambakjöti sem þróuð var í samstarfi við Norðenska á Húsavík. „Það hefði ekki verið hægt að selja hana áfram án samstarfs við fyrirtæki hér heima," segir hann.

ERFITT AÐ SAMÞÆTTA

Í kjölfar kaupa Marel á dönsku fyrirtækjunum Carnitech og Scanvaegt og breska matvæla- fyrirtækinu AEW Delford í fyrra hófst viðamikil samþætting á starfsemi. Í henni fólst að öll dótturfélög Marel víða

um heim voru færð undir eitt merki móðurfélagsins Marel Food Systems og skrifstofur og framleiðsla sameinuð undir einu þaki. Sigsteinn tekur sem dæmi að dótturfyrirtækin hafi verið með starfsemi á fjórum stöðum í Bandaríkjunum. Hún hafi nú verið sameinuð undir einu þaki í Kansas City og verða nýjar höfuðstöðvar Marel Food Systems opnaðar formlega þar í borg í næsta mánuði.

En sameiningin þýðir annað og meira. „Þetta þýðir að úti verður öflug markaðs- og söludeild en á Íslandi stendur fjöreggið eftir, sú nýsköpun og vöruþróun sem einkennt hefur Marel frá fyrstu tíð," segir Sigsteinn og bætir við að vörurnar sem Marel búi til hér verði seldar í gegnum sölu- og dreifikerfi Marel Food Systems um allan heim, svo sem í Evrópu, Asíu og í Bandaríkjunum. Sömu sögu er að segja af hinum einingunum þremur sem nýta samlegð- aráhrifin sem kaupin gáfu kost á og nota sama sölu- og dreifikerfi móðurfélagsins.

Sigsteinn viðurkennir að þótt samþættingarferlið hafi verið erfitt sé vinnan einkar skemmtileg. „Hún heldur manni í þessu, það er líka svo skemmtilegt starfsfólk hérna," segir hann og hlær.

„Íslenskur iðnaður er mjög opinn fyrir nýjungum sem sést best á því að hann fjárfestir mikið í nýrri tækni til að ná fram hámarksnýtingu,"

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

Ávaxtaðu betur 14,4%*

Peningamarkaðssjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/07/07 - 31/08/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusaman fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPPING

En það sem skiptir máli fyrir fólk sem flytur á milli landa með börn er fyrst og fremst að gera sér grein fyrir því út í hvað þau eru að fara, fyrsta árið er alltaf erfiðast,"

FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

ThinkPad

ThinkPad er heill töluheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og hönnun eru höfð í fyrirrúmi.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna fyrir hönnun og virkni og er því mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Frábær virkni tölvunnar ásamt þjónustu Nýherja setur þig í öruggar hendur.



FINGRAFARALESAARI



LENGRI RAFHLÖÐUENDING



GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA



FALLVÖRN



ThinkPad T60 Wide

Intel Core 2 Duo T5500
1,6GHz m.2 kjörnum / 2MB

1x1GB 667MHz DDR2 minni
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

15,4" breiðtjaldsskjár / 1280x800
Intel GMA 950 128MB PCI-e

Bluetooth netkort, 54g WiFi
DVD±RW DL skrifari

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi
APS vörn fyrir gögnin

1 x ExpressCard, PC Card

Þyngd 2.75 kg

Windows® XP Pro

Mánaðarlegar
greiðslur*: **5.590 kr.***

Verð: **159.900 kr.**

ThinkPad R61

Intel Core 2 Duo T7100
1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB

1x1GB 667MHz DDR2 minni
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800
Intel Med. Acceler. X3100 256MB

Bluetooth netkort, 54g WiFi
DVD±RW DL skrifari

Öryggisörgjörvi
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar
greiðslur*: **5.590 kr.***

Verð: **159.900 kr.**

ThinkPad T61 Wide

Intel Core 2 Duo T7100
1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB

2x1GB 667MHz DDR2 minni
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800
Intel Med. Acceler. X3100 256MB

Bluetooth netkort / 200n WiFi
DVD±RW DL skrifari / Firewire

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar
greiðslur*: **6.639 kr.***

Verð: **189.900 kr.**

ThinkPad T61 Wide

Intel Core 2 Duo T7300
2GHz m.2 kjörnum / 4MB

2x1GB 667MHz DDR2 minni
mest 4GB

100GB 7200sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1440x900
nVidia Quadro NVS 140M 128MB

Bluetooth netkort, 200n WiFi
DVD±RW DL skrifari / Firewire

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar
greiðslur*: **7.688 kr.***

Verð: **219.900 kr.**

lenovo
PREMIUM
WARRANTY
SERVICE
PROVIDER

Nýherji hefur fjögur ár í röð verið útnefndur „Premium Warranty Service Provider“ af Lenovo fyrir framúrskarandi þekkingu og góða þjónustu á Lenovo tölvum.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. Söluaðilar um land allt.

www.lenovo.is

Nýherji hf.

Borgartúni 37

105 Reykjavík

Sími 569 7700

www.nyherji.is



NÝHERJI

BANKHÓLFID



Litlir milljónerar

Rússneska dagblaðið Finans hefur tekið saman lista um þau börn rússneskra nýrrikra auðkýfinga sem erfa muni mestan auð að foreldrum sínum látnum. Þau börn ein eru gjaldgeng á listann sem munu erfa jafnvirði eins milljarðs Bandaríkjadala, rúma 64 milljarða íslenskra króna. Rússnesku auðkýfingarnir eru gjarnan kallaðir „olíngarkar“ enda byggist auður þeirra á rússneskum olíufyrirtækjum sem þeir tryggðu sér í kjölfar einkavæðingar ríkisins. Börn þeirra, sem flest eru undir tvítugu, eru eðli málsins samkvæmt kölluð „mini-garkar“.

Ríkasti hundurinn?

Og aftur að „mini-görkunum“. Yngstu börnin á topp tíu listanum eru þriggja ára tvíburar vöðkakónsins og fagurkerans Rustam Tariko. Blessuð börnin gætu reyndar þurft að skipta arfinum með hundi sem föður þeirra er afar annt um enda klæðir hann ferfætlinginn í dýrasta skart. Breska blaðið Times segir í umfjöllun sinni um listann að framtíðin muni skera úr um ríkidæmi barnanna enda sé óvíst hvort hundurinn lifi eiganda sinn.

Guðlast í Símanum?

Í gær birti fréttavefurinn mbl.is frétt þess efnis að biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni, þætti nýjar auglýsingar fyrirtækisins ósmekklegar. Auglýsingarnar sýna Jesú og lærisveina hans við síðustu kvöldmáltíðina. Hann uppgötvar að Júdas er ekki við matarborðið en er ekki lengi að hafa uppi á honum með splunkunýjum 3G-símanum sínum. Nú heyrir hvíslað að starfsfólk Símans hafi í reynd talið auglýsingaherferðina hafa fengið blessun þjóðkirkjunnar áður en hún var sett í loftið. Spurning hvort sá í neðra hafi brugðið sér í líki embættismanns kirkjunnar til að hrekkja eilítið viðkvæmar sálir uppi á Íslandi?

8,2 milljarða króna hagnaður eftir skatta á starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur á fyrstu sex mánuðum ársins.

521,7% aukning hagnaðar Byrs sparisjóðs á fyrsta árshefningi á milli ára.

400 milljóna króna hagnaður Finns Ingólfssonar af sölu á öllum hlutum hans í Icelandair Group.

Nýtt!

PÚLSPJÁLFUN

Örugg leið til árangurs

N O R D I C A S P A



Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Púlsþjálfun – brennsla og styrking. Þrír hóptímar í viku með áherslu á brennslu, þol og styrk. Þú æfir alltaf með púlsmæli til þess að tryggja að þú sért í hámarksfitubrennslu. Öruggasta leiðin til að æfa á réttu álagsstigi.

Styrktaræfingar/Supersett. Til að hámarka brennslu og styrk, tveir tímar í tækjasal undir leiðsögn þjálfara.

Vikuleg mæling. Vigtun, fitu- og ummálmæling.

Ítarlega næringarráðgjöf. 2 frábærir fyrirlestrar um líkamann, næringuna og hugann.

Lífsorka. Lærðu að borða rétt til þess að auka brennsluna, bæta meltinguna, auka orkuna, bæta svefn og minnka sykurbörf.

Leyndarmálið. Að virkja kraft hugans og temja sér hugsunarhátt sem veitir þér það sem þú þráir.

Vikulegur fróðleikur. Einfaldar uppskriftir ásamt góðum ráðum.

Heilsudrykkur í lok hverrar æfingar.

Slökun og herðanudd í pottunum eftir æfingu.

Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon einkaþjálfari.

Takmarkaður fjöldi í hverjum hópi.

Tímar kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30.

Ný námskeið hefjast 10. september.

Skráning er hafin í síma 4445090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

Safnaðu því sem skiptir máli

Engar aukakrónur, engir punktar, **bara alvöruávöxtun.**



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

75 ára | **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. júlí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsing má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.